

Alþjóða- heilbrigðisreglugerðin

(2005)

2. útgáfa



World Health
Organizatio

Efnisyfirlit

Endurskoðun á alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni	5
II. HLUTI SKILGREININGAR, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ, MEGINREGLUR OG ÁBYRG YFIRVÖLD.....	9
1. gr. Orðskýringar.....	9
2. gr. Markmið og gildissvið.....	13
3. gr. Meginreglur.....	13
4. gr. Ábyrg yfirvöld.....	14
II. HLUTI – UPPLÝSINGAR OG VIÐBRÖGÐ Á SVIÐI LÝÐHEILSU	14
5. gr. Vöktun.....	14
6. gr. Tilkynningar	15
7. gr. Samnýting upplýsinga þegar um er að ræða óvænta eða óvenjulega atburði sem varða lýðheilsu	15
8. gr. Samráð.....	15
9. gr. Aðrar skýrslur.....	15
10. gr. Staðfesting	16
11. gr. Upplýsingamiðlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar	16
12. gr. Ákvörðun þess hvort atburður er bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims.....	18
13. gr. Viðbrögð á sviði lýðheilsu.....	19
14. gr. Samstarf Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar við milliríkjastofnanir og alþjóðastofnanir.....	20
III. HLUTI – TILMÆLI	20
15. gr. Tímabundin tilmæli	20
16. gr. Föst tilmæli.....	20
17. gr. Viðmiðanir um tilmæli	20
18. gr. Tilmæli sem varða fólk, farangur, farm, gáma, farartæki, vörur og pósthöggla.....	21
IV. HLUTI – LANDAMÆRASTÖÐVAR	22
19. gr. Almennar skyldur	22
20. gr. Flugvellir og hafnir.....	22
21. gr. Landamærastöðvar fyrir umferð á landi.....	23
22. gr. Hlutverk lögbærra yfirvalda	23
V. HLUTI – RÁÐSTAFANIR Á SVIÐI LÝÐHEILSU	24
I. kafli – Almenn ákvæði	24
23. gr. Heilbrigðisráðstafanir við komu og brottför	24
II. kafli – Sérákvæði um farartæki og rekstraraðila farartækja.....	25
24. gr. Rekstraraðilar farartækja	25
25. gr. Skip og loftför í gegnumferð	26
26. gr. Almennar vöruflutningabifreiðir, lestir og langferðabifreiðir í gegnumferð.....	26
27. gr. Farartæki sem hafa orðið fyrir áhrifum.....	26
28. gr. Skip og loftför á landamærastöðvum.....	27
29. gr. Almennar vöruflutningabifreiðir, lestir og langferðabifreiðir á landamærastöðvum	28
III. kafli – Sérákvæði fyrir ferðamenn	28
30. gr. Ferðamenn undir vöktun vegna lýðheilsu.....	28
31. gr. Heilbrigðisráðstafanir í tengslum við komu ferðamanna.....	28
32. gr. Meðhöndlun ferðamanna.....	29
IV. kafli – Sérákvæði um vörur, gáma og gámahleðslusvæði.....	29
33. gr. Vörur í umflutningi.....	29
34. gr. Gámar og gámahleðslusvæði.....	29

VI. HLUTI – Heilbrigðisskjöl.....	30
35. gr. Almenn regla	30
36. gr. Vottorð um bólusetningu eða aðra fyrirbyggjandi meðferð.....	30
37. gr. Yfirlýsing um heilbrigði sæfarenda	30
38. gr. Heilbrigðiskafli í komuskýrslu/brottfararskýrslu loftfars.....	31
39. gr. Sóttvarnavottorð skipa.....	31
VII. HLUTI – GJÖLD	32
40. gr. Gjöld fyrir heilbrigðisráðstafanir vegna ferðamanna.....	32
41. gr. Gjöld fyrir farangur, farm, gáma, farartæki, vörur eða pósthöggla.....	33
VIII. HLUTI – ALMENN ÁKVÆÐI	33
42. gr. Framkvæmd heilbrigðisráðstafana.....	33
43. gr. Frekari heilbrigðisráðstafanir.....	33
44. gr. Samstarf og aðstoð.....	34
46. gr. Flutningur og meðhöndlun lífrænna efna, prófefna og efna til greininga	35
IX. HLUTI – SÉRFRÆÐINGASKRÁ ALPJÓÐAHEILBRIGÐISREGLUGERÐARINNAR, BRÁÐANEFNDIN OG ENDURSKOÐUNARNEFNDIN	36
I. kafli – Sérfræðingaskrá alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar.....	36
47. gr. Samsetning	36
II. kafli – Bráðanefndin.....	36
48. gr. Starfsskyldur og skipan	36
49. gr. Málsmeðferð.....	36
III. kafli – Endurskoðunarnefndin.....	37
50. gr. Starfsskyldur og skipan	37
51. gr. Nefndarstörf.....	38
52. gr. Skýrslur	38
53. gr. Málsmeðferðarreglur vegna fastra tilmæla	38
X. HLUTI – LOKAÁKVÆÐI	39
54. gr. Skýrslugjöf og endurskoðun.....	39
55. gr. Breytingar	39
56. gr. Lausn deilumála.....	40
57. gr. Tengsl við aðra alþjóðasamninga	40
58. gr. Alþjóðaheilbrigðissamningar og reglugerðir	41
59. gr. Gildistaka og frestur til að hafna eða gera fyrirvara.....	42
60. gr. Ný aðildarríki Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar	42
61. gr. Höfnun.....	42
62. gr. Fyrirvarar.....	43
63. gr. Höfnun og fyrirvari dreginn til baka.....	44
64. gr. Ríki sem eru ekki aðilar að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.....	44
65. gr. Tilkynningar frá aðalframkvæmdastjóranum.....	44
66. gr. Jafngildir textar.....	44
1. VIÐAUKI.....	46
A. KRÖFUR UM GRUNNVÍÐBÚNAÐ TIL VÖKTUNAR OG VIÐBRAGÐA.....	46
B. KRÖFUR UM GRUNNVÍÐBÚNAÐ FYRIR TILGREINDA FLUGVELLI, HAFNIR OG LANDAMÆRASTÖÐVAR FYRIR UMFERÐ Á LANDI	47
2. VIÐAUKI.....	49

ÁKVÖRÐUNARFERLI VIÐ MAT Á OG TILKYNNINGU UM ATBURÐI SEM GÆTU SKAPAÐ BRÁÐA ÓGN VIÐ LÝÐHEILSUNA SEM VARÐAR ÞJÓÐIR HEIMS.....	49
DÆMI UM BEITINGU ÁKVÖRÐUNARFERLISINS VIÐ MAT OG TILKYNNINGU UM ATBURÐI SEM KUNNA AÐ VERA BRÁÐ ÓGN VIÐ LÝÐHEILSUNA SEM VARÐAR ÞJÓÐIR HEIMS	50
3. VIÐAUKI.....	53
FYRIRMYND AÐ VOTTORÐI UM SÓTTVARNARUNDANÞÁGU FYRIR SKIP/SÓTTVARNARVOTTORÐI FYRIR SKIP .	53
4. VIÐAUKI.....	55
TÆKNIKRÖFUR SEM VARÐA FARARTÆKI OG REKSTRARAÐILA FARARTÆKJA.....	55
5. VIÐAUKI.....	56
SÉRTÆKAR RÁÐSTAFANIR VEGNA SJÚKDÓMA SEM BERAST MEÐ SMITFERJUM	56
6. VIÐAUKI.....	58
BÓLUSETNING, FYRIRBYGGJANDI MEÐFERÐ OG TILHEYRANDI VOTTORÐ	58
FYRIRMYND AÐ ALÞJÓÐLEGU VOTTORÐI UM BÓLUSETNINGU EÐA FYRIRBYGGJANDI MEÐFERÐ	59
7. VIÐAUKI.....	60
KRÖFUR VARÐANDI BÓLUSETNINGU EÐA FYRIRBYGGJANDI MEÐFERÐ GEGN TILTEKNUM SJÚKDÓMUM	60
8. VIÐAUKI.....	62
FYRIRMYND AÐ YFIRLÝSINGU UM HEILBRIGÐI SÆFARENDA	62
9. VIÐAUKI.....	64
HEILBRIGÐISHLUTI KOMUSKÝRSLU/BROTTFARARSKÝRSLU LOFTFARS	64

Endurskoðun á alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni

Fimmtugasta og áttunda alþjóðaheilbrigðisþingið,

sem hefur fjallað um drögin að endurskoðaðri alþjóðaheilbrigðisreglugerð ⁽¹⁾,

sem hefur hliðsjón af k-lið 2. gr., a-lið 21. gr. og 22. gr. stofnskrár Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO),

sem minnr á að getið er um nauðsyn þess að alþjóðheilbrigðisreglugerðin verði endurskoðuð og uppfærð í ályktun WHA48.7 um endurskoðun og uppfærslu á alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni, í ályktun WHA54.14 um alþjóðlegt heilbrigðisöryggi: viðvörðun og viðbrögð við farsóttum, í ályktun WHA55.16 um alþjóðleg viðbrögð á sviði lýðheilsu við líffræðilegum og efnafræðilegum áhrifavöldum og geislavirkum efnum sem hafa áhrif á heilbrigði, hvort sem þau breiðast út af náttúrulegum ástæðum, eru losuð fyrir slysi eða notuð af ásetningi, í ályktun WHA56.28 um endurskoðun á alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni og í ályktun WHA56.29 um heilkenni alvarlegrar, bráðrar lungnabólgu (HABL („Severe Acute Respiratory Syndrome, SARS“)), en markmiðið með endurskoðun og uppfærslu alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar er að bregðast við þörfinni á að tryggja lýðheilsu um heim allan,

sem fagnar ályktun 58/3 frá allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um að stuðla beri að aukinni uppbyggingu viðbúnaðar á sviði lýðheilsu um heim allan en í ályktuninni er lögð áhersla á mikilvægi alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar og hvatt til þess að endurskoðun hennar verði gerð að forgangsmáli,

sem staðfestir áframhaldandi mikilvægi þess hlutverks sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gegnir, í samræmi við umboð sitt, að því er varðar alþjóðlega viðvörðun við farsóttum og alþjóðleg viðbrögð við atburðum sem varða lýðheilsu,

sem leggur áherslu á viðvarandi mikilvægi alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar sem helsta alþjóðlega gerningsins um vernd gegn útbreiðslu sjúkdóma milli landa,

sem lýkur lofsorði á árangursríkt starf milliríkjavinnuhópsins um endurskoðun alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar,

1. **SAMÞYKKIR** endurskoðuðu alþjóðaheilbrigðisreglugerðina sem fylgir þessari ályktun og sem vísað skal til sem alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (2005),
2. **SKORAR** Á aðildarríkin og aðalframkvæmdastjórnann að hrinda alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni (2005) að fullu í framkvæmd í samræmi við það markmið og gildissvið sem sett er fram í 2. gr. og meginreglurnar sem um getur í 3. gr.,
3. **ÁKVEÐUR**, með skírskotun til 1. mgr. 54. gr. alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (2005), að aðildarríkin og aðalframkvæmdastjórninn skuli leggja fyrstu skýrslu sína fyrir sextugasta og fyrsta alþjóðaheilbrigðisþingið og að heilbrigðisþingið skuli við það tækifæri fjalla um tímaáætlun fyrir framlagningu fleiri slíkra skýrslna og fyrstu endurskoðun á framkvæmd reglugerðarinnar skv. 2. mgr. 54. gr.,

⁽¹⁾ Sjá skjal A58/4.

4. ÁKVEÐUR ENN FREMUR, með skírskotun til 1. mgr. 14. gr. alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (2005), að eftirfarandi stofnanir teljist til þar til bærna milliríkjastofnana eða alþjóðastofnana sem ætlunin er að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin starfi með og samræmi starfsemi sína við eftir atvikum: Sameinuðu þjóðirnar, Alþjóðavinnumálastofnunin, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðakjarnorkustofnunin, Alþjóðaflugmálastofnunin, Alþjóðasiglingamálastofnunin, Alþjóðanefnd Rauða krossins, Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans, Alþjóðasamband flugfélaga, Alþjóðasamtök skipautgerða og Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin

5. HVETUR aðildarríkin til:

1) að byggja upp, efla og viðhalda þeim viðbúnaði, sem gerð er krafa um samkvæmt alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni (2005), og nýta nauðsynleg tilföng í því skyni,

2) að hafa samvinnu hvert við annað og við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, í samræmi við viðeigandi ákvæði alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (2005), og tryggja þar með skilvirka framkvæmd þessara ákvæða,

3) að veita þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi stuðning við að byggja upp, efla og viðhalda þeim viðbúnaði á sviði lýðheilsu sem gerð er krafa um samkvæmt alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni (2005),

4) að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vinna að markmiðum og væntanlegri framkvæmd alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (2005) uns hún öðlast gildi, þ.m.t. nauðsynleg uppbygging viðbúnaðar á sviði lýðheilsu og samning lagaákvæða og stjórnsýsluákvæða og einkum að hefja innleiðingu ákvörðunarferlisins sem um getur í 2. viðauka,

6. FER ÞESS Á LEIT við aðalframkvæmdastjórnann:

1) að hann tilkynni þegar í stað um samþykkt alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (2005) í samræmi við 1. mgr. 65. gr. hennar,

2) að hann tilkynni öðrum þar til bærum milliríkjastofnunum eða alþjóðastofnunum um samþykkt alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (2005) og vinni með þeim, eftir því sem við á, að uppfærslu á reglum og stöðlum þessara stofnana og að samræmingu á starfsemi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar samkvæmt alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni (2005) með það að markmiði að sjá til þess að beitt verði fullnægjandi ráðstöfunum til að vernda lýðheilsu og efla alþjóðleg viðbrögð á sviði lýðheilsu við útbreiðslu sjúkdóma milli landa,

3) að hann sendi Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) þær breytingar sem mælt er með að verði gerðar á heilbrigðiskaflanum í komuskýrslu/brottfararskýrslu loftfars⁽¹⁾ og, þegar lokið hefur verið við endurskoðun á komuskýrslu/brottfararskýrslu loftfars hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni, að hann tilkynni það til alþjóðaheilbrigðisþingsins og setji inn heilbrigðiskafla komuskýrslu/brottfararskýrslu loftfars, sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur endurskoðað, í stað 9. viðauka við alþjóðaheilbrigðisreglugerðina (2005),

4) að hann byggi upp og efli viðbúnað Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar til að vinna til fulls og af skilvirkni þau störf sem henni eru falin samkvæmt alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni (2005), einkum með því að gera langtímaáætlanir um heilbrigðisráðstafanir þar sem löndum er veittur stuðningur til að greina og meta bráðar ógnir við lýðheilsuna og bregðast við þeim,

(¹) Skjal A58/41, 2. viðbót.

5) að hann hafi samvinnu við ríki sem eru aðilar að alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni (2005), eftir því sem við á, þ.m.t. með því að tryggja eða stuðla að tæknisamvinnu og skipulagsaðstoð,

6) að hann vinni með samningsríkjunum, eftir því sem kostur gefst, að útvegum fjármagns til að styrkja þróunarlönd til að byggja upp, efla og viðhalda þeim viðbúnaði sem gerð er krafa um samkvæmt alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni (2005),

7) að hann semji viðmiðunarreglur, í samráði við aðildarríkin, um beitingu heilbrigðisráðstafana á landamærastöðvum fyrir umferð á landi í samræmi við 29. gr. alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (2005),

8) að hann stofni nefnd um endurskoðun alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (2005) í samræmi við 50. gr. reglugerðarinnar,

9) að hann geri tafarlaust gangskör að því að semja viðmiðunarreglur um framkvæmd og mat á ákvörðunarferlinu sem sett er fram í alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni (2005), þ.m.t. mótun málsmeðferðar til athugunar á því hvernig ákvörðunarferlið reynist í framkvæmd, og skulu viðmiðunarreglurnar lagðar fyrir heilbrigðisþingið til umfjöllunar skv. 3. mgr. 54. gr. reglugerðarinnar,

10) að hann geri ráðstafanir til að stofna sérfræðingaskrá alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar og kalli eftir tilnefningu sérfræðinga á skrána skv. 47. gr. alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (2005).

ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISREGLUGERÐIN (2005)

II. HLUTI SKILGREININGAR, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ, MEGINREGLUR OG ÁBYRG YFIRVÖLD

1. gr. Orðskýringar

1. Í alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni (hér á eftir nefnd „alþjóðaheilbrigðisreglugerðin“) er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„sem hefur orðið fyrir áhrifum“ (affected): vísar til einstaklinga, farangurs, farms, gáma, farartækja, vara, póstböggla eða líkamsleifa sem eru sýkt eða menguð eða bera með sér sýkingar- eða mengunaruppsprettur og skapa því hættu fyrir lýðheilsuna,

„smitsvæði“ (affected area): landfræðilega skilgreint svæði þar sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin mælir með að gerðar séu sérstakar heilbrigðisráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð,

„loftfar“ (aircraft): loftfar í millilandaferðum,

„flugvöllur“ (airport): allir flugvellir þar sem loftför í millilandaflugi koma og fara,

„koma“ (arrival): farartækis merkir:

- a) þegar um er að ræða hafskip, það að koma inn á skilgreint hafnarsvæði eða leggjast þar við festar,
- b) þegar um er að ræða loftfar, koma til flugvallar,
- c) þegar um er að ræða skip í millilandaferðum á skipgengum vatnaleiðum, koma til landamærastöðvar,
- d) þegar um er að ræða lest eða ökutæki, koma til landamærastöðvar,

„farangur“ (baggage): einkamunir ferðamanna,

„farmur“ (cargo): vörur um borð í farartæki eða í gámi,

„lögbært yfirvald“ (competent authority): yfirvald sem ber ábyrgð á framkvæmd og beitingu heilbrigðisráðstafana samkvæmt þessari reglugerð,

„gámur“ (container): flutningatæki sem er:

- a) endingargott og þar af leiðandi nógu traust til að þola endurtekna notkun,
- b) sérhannað til að auðvelda vöruflutninga með einni eða fleiri tegundum farartækja án þess að koma þurfi til umhleðslu,
- c) með áfestum búnaði sem auðveldar meðhöndlun gámsins, einkum flutning hans frá einu farartæki til annars,
- d) sérhannað þannig að auðvelt er að fylla það og tæma,

„gámahleðslusvæði“ (container loading area): svæði eða aðstaða sem er sérstaklega ætlað fyrir gáma í umferð milli landa,

„mengun“ (contamination): tilvist sýkils eða eiturefnis eða annars efnis, sem gæti skapað hættu fyrir lýðheilsuna, á líkama manna eða dýra, í eða á vöru, sem er ætluð til neyslu, eða á öðrum dauðum hlutum, s.s. farartækjum,

„farartæki“ (conveyance): loftfar, skip, lest, ökutæki eða önnur flutningatæki í millilandaferðum,

„rekstraraðili farartækis“ (conveyance operator): einstaklingur eða lögaðili sem ræður yfir farartæki eða fulltrúi hans,

„áhöfn“ (crew): allir um borð í farartæki nema farþegar,

„afmengun“ (decontamination): ferli þar sem gerðar eru heilbrigðisráðstafanir til að eyða sýkli eða eiturefni eða öðru efni sem gæti skapað hættu fyrir lýðheilsuna og er á líkama manna eða dýra, í eða á vöru, sem er ætluð til neyslu, eða á öðrum dauðum hlutum, s.s. farartækjum,

„brottför“ (departure): þegar um er að ræða fólk, farangur, farm, farartæki eða vörur, það að fara brott af yfirráðasvæði ríkis,

„rottueyðing“ (deratting): ferli þar sem gerðar eru heilbrigðisráðstafanir til að halda í skefjum eða eyða nagdýrum sem hafast við í farangri, farmi, gámum, farartækjum, aðstöðu, vörum og pósthöggjum á landamærastöð og eru smitferjur fyrir sjúkdóma sem leggjast á menn,

„aðalframkvæmdastjóri“ (Director-General): aðalframkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunarinnar,

„sjúkdómur“ (disease): sjúkleiki eða heilsufarsástand, án tillits til uppruna eða upptaka, sem hefur eða gæti haft mjög skaðleg áhrif á fólk,

„sótthreinsun“ (disinfection): ferli þar sem gerðar eru heilbrigðisráðstafanir til að halda sýklum á líkama manna eða dýra eða í eða á farangri, farmi, gámum, farartækjum, vörum og pósthöggjum í skefjum eða eyða þeim með efnafræðilegum eða eðlisfræðilegum aðferðum,

„skordýraeyðing“ (disinsection): ferli þar sem gerðar eru heilbrigðisráðstafanir til að halda í skefjum eða eyða skordýrum sem hafast við í farangri, farmi, gámum, farartækjum, vörum og pósthöggjum og eru smitferjur fyrir sjúkdóma sem leggjast á menn,

„atburður“ (event): merki um sjúkdóm eða atvik sem skapar hættu á sjúkdómi,

„samskiptaleyfi“ (free pratique): heimild fyrir skip til að koma í höfn, heimild til að fara um borð í skipið eða frá borði og afferma eða ferma það með farmi eða vistum; heimild til að fara um borð í loftfar eftir landingu þess eða frá borði og afferma það eða ferma með farmi eða vistum; heimild til að fara um borð í flutningatæki á landi við komu þess eða frá borði og afferma það eða ferma með farmi eða vistum,

„vörur“ (goods): efnislegar vörur, þ.m.t. dýr og plöntur, sem eru fluttar milli landa, þ.m.t. til notkunar um borð í farartæki,

„landamærastöð fyrir umferð á landi“ (ground crossing): landamærastöð á landi samningsríkis, þ.m.t. landamærastöð sem ökutæki og lestir fara um.

„flutningatæki á landi“ (ground transport vehicle): vélknúið farartæki til millilandaferða á landi, þ.m.t. lestir, langferðabifreiðir, vöruflutningabifreiðir og fólksbifreiðir,

„heilbrigðisráðstöfun“ (health measure): verklagsreglur sem fylgt er til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma eða mengunar; heilbrigðisráðstöfun felur ekki í sér löggæslu- eða öryggisráðstafanir,

„veikur maður“ (ill person): einstaklingur sem er haldinn líkamlegum sjúkleika, sem gæti skapað hættu fyrir lýðheilsuna, eða hefur orðið fyrir áhrifum frá slíkum sjúkleika,

„sýking“ (infection): íkoma og vöxtur sýkils eða fjölgun sýkils í líkama manna og dýra sem gæti skapað hættu fyrir lýðheilsuna,

„skoðun“ (inspection): athugun lögbærs yfirvalds eða undir eftirliti lögbærs yfirvalds á svæðum, farangri, gámum, farartækjum, aðstöðu, vörum eða pósthöggjum, þ.m.t. viðeigandi gögn og skjöl, til að ganga úr skugga um hvort um sé að ræða hættu fyrir lýðheilsuna,

„umferð milli landa“ (international traffic): för einstaklinga, farangurs, farms, gáma, farartækja, vöru eða pósthöggla yfir landamæri, þ.m.t. milliríkjavíðskipti,

„millilandaferðir“ (international voyage):

- a) þegar um er að ræða farartæki, ferð milli landamærastöðva á yfirráðasvæðum fleiri en eins ríkis eða ferð milli landamærastöðva á yfirráðasvæði eða yfirráðasvæðum eins og sama ríkis ef farartækið fer um yfirráðasvæði annars ríkis á leiðinni en þá aðeins að því er varðar þá gegnumferð,
- b) þegar um er að ræða ferðamenn, ferð sem felst í komu inn á yfirráðasvæði ríkis en þó ekki yfirráðasvæði ríkisins þar sem ferðamaðurinn hóf ferð sína,

„nærgöngull“ (intrusive): veldur e.t.v. óþægindum með mjög nánum eða persónulegum samskiptum eða yfirheyrslu,

„inngríp“ (invasive): götun eða skurður húðar eða ísetning áhalds eða framandi efnis í líkamann eða rannsókn á líkamsholi; að því er þessa reglugerð varðar er ekki litið á eftirfarandi sem inngríp: læknisrannsókn á eyra, nefi og munni, hitamælingu með eyrna-, munn- eða hörundshitamæli, eða hitamyndatöku, læknisskoðun, hlustun, ytri þreifingu, sjónuspeglun, töku þvag-, saur- eða munnvatnssýnis utan frá, mælingu blóðþrýstings utan frá og hjartalínurit,

„einangrun“ (isolation): aðskilnaður einstaklinga, sem eru veikir eða hafa orðið fyrir mengun, eða farangurs, gáma, farartækja, vara eða pósthöggla, sem hafa orðið fyrir áhrifum, frá öðrum eða öðru á þann hátt sem kemur í veg fyrir útbreiðslu sýkingar eða mengunar,

„læknisskoðun“ (medical examination): bráðabirgðamat á einstaklingi, sem viðurkenndur heilbrigðisstarfsmaður framkvæmir eða annar aðili, sem er undir beinu eftirliti lögbærs yfirvalds, til að ákvarða heilbrigðisástand viðkomandi einstaklings og hvort hann skapi hugsanlega hættu fyrir heilbrigði annars fólks og getur skoðunin einnig náð yfir athugun heilbrigðisskjala sem og líkamsskoðun eftir því sem réttlæt看legt er miðað við aðstæður í hverju einstöku tilviki,

„landstengiliður fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina“ (National IHR Focal Point): landsmiðstöð sem er tilnefnd í hverju samningsríki og skal ætíð vera til taks til samskipta við tengiliði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina samkvæmt þessari reglugerð.

„stofnunin“ (Organisation): Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin,

„föst búseta“ (permanent residence): hefur þá merkingu sem hugtakinu er gefið í landslögum viðkomandi samningsríkis,

„gögn um einstaklinga“ (personal data): upplýsingar sem varða persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling,

„landamærastöð“ (point of entry): leið inn í eða út úr landi fyrir ferðamenn, farangur, farm, gáma, farartæki, vörur og póstbökkla í för milli landa sem og fyrir aðila og atvinnugreinar sem veita þeim þjónustu við komu eða brottför,

„höfn“ (port): höfn við sjó eða við vatnaleiðir þar sem skip í millilandaferðum koma og fara,

„póstbökkull“ (postal parcel): hlutur eða pakki, stílaður á viðtakanda, sem er fluttur milli ríkja með póst- eða hraðsendingarþjónustu,

„bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims“ (public health emergency of international concern): óvenjulegur atburður sem er skilgreindur, eins og kveðið er á um í þessari reglugerð:

- i. sem hætta fyrir lýðheilsuna í öðrum ríkjum vegna útbreiðslu sjúkdóms milli landa og
- ii. sem atburður sem gæti útheimt samstillt, alþjóðleg viðbrögð,

„vöktun vegna lýðheilsu“ (public health observation): vöktun heilsufars tiltekins ferðamanns um tíma til að ganga úr skugga um hvort hann beri með sér sjúkdóm sem getur borist til annarra,

„hætta fyrir lýðheilsuna“ (public health risk): líkur á atburði sem getur haft skaðleg áhrif á heilbrigði hópa fólks og er þar sérstaklega átt við sjúkdóm eða mengun sem gæti náð að berast milli landa eða gæti skapað alvarlega og beina hættu,

„afkvíun“ (quarantine): takmörkun á athafnafrelsi og/eða aðskilnaður grunsamlegra einstaklinga sem eru ekki veikir eða grunsamlegs farangurs, gáma, farartækja eða vöru frá öðrum eða öðru á þann hátt sem kemur í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu sýkingar eða mengunar,

„tilmæli“ (recommendation) og „sem mælt er með“ (recommended): vísar til tímabundinna eða fastra tilmæla sem gefin eru út samkvæmt þessari reglugerð,

„smitgeymir“ (reservoir): dýr, planta eða efni þar sem sýkillinn hefst við að öllu jöfnu og sem gæti skapað hættu fyrir lýðheilsuna,

„ökutæki“ (road vehicle): öll flutningatæki á landi nema lestir,

„vísindaleg gögn“ (scientific evidence): upplýsingar sem hafa ákveðið sönnunargildi sem byggist á viðteknum og viðurkenndum, vísindalegum aðferðum,

„vísindalegar meginreglur“ (scientific principles): viðurkennd grundvallarlögmál og staðreyndir náttúrunnar sem fengist hefur vitneskja um með vísindalegum aðferðum,

„skip“ (ship): hafskip eða skip á skipgengum vatnaleiðum í millilandaferðum,

„föst tilmæli“ (standing recommendation): óbindandi ráðleggingar sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur út fyrir sérstakar, yfirstandandi hættur fyrir lýðheilsuna skv. 16. gr. og sem varða viðeigandi heilbrigðisráðstafanir sem beita þarf venjubundið eða reglubundið til

að koma í veg fyrir eða draga úr útbreiðslu sjúkdóma milli landa og lágmarka truflanir á umferð milli landa,

„vöktun“ (surveillance): kerfisbundin, yfirstandandi söfnun, samantekt og greining á gögnum í þágu lýðheilsu og tímanleg miðlun lýðheilsuupplýsinga til að unnt sé að meta þær og bregðast við þeim með aðgerðum á sviði lýðheilsu, eftir því sem þörf krefur,

„grunsamlegur“ (suspect): einstaklingar, farangur, farmur, gámar, farartæki, vörur eða pósthögglar sem sanningsríki telur að hafi orðið eða hafi hugsanlega orðið fyrir áhrifum frá áhættuþætti á sviði lýðheilsu og sem gætu e.t.v. verið upptökin að útbreiðslu sjúkdóms,

„tímabundin tilmæli“ (temporary recommendation): óbindandi ráðleggingar sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur út skv. 15. gr. og sem beita skal tímabundið gagnvart tiltekinni áhættu í því skyni að bregðast við bráðri ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims og er markmiðið að koma í veg fyrir eða draga úr útbreiðslu sjúkdóma milli landa og lágmarka truflanir á umferð milli landa,

„tímabundin búseta“ (temporary residence): hefur merkingu samkvæmt landslögum viðkomandi sanningsríkis,

„ferðamaður“ (traveller): einstaklingur á ferð milli landa,

„smitferja“ (vector): skordýr eða annað dýr sem að jafnaði ber með sér sýkil sem skapar hættu fyrir lýðheilsuna,

„staðfesting“ (verification): veiting upplýsinga af hálfu sanningsríkis til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar þar sem fram kemur staðfesting á ástandinu með tilliti til atburðar á yfirráðasvæði eða yfirráðasvæðum sanningsríkisins,

„tengiliður Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina“ (WHO IHR Contact Point): deild innan Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem skal ætíð vera til taks til samskipta við landstengiliði fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina.

2. Tilvísanir til þessarar reglugerðar taka líka til viðauka við hana nema annað sé tekið fram eða ráðist af samhenginu.

2. gr. Markmið og gildissvið

Markmið og gildissvið þessarar reglugerðar er að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma milli landa, veita vernd gegn slíkri útbreiðslu, halda henni í skefjum og gera viðbragðsáætlanir gegn henni á sviði lýðheilsu með aðferðum sem miðast og takmarkast við hættur fyrir lýðheilsuna en koma jafnframt í veg fyrir ónauðsynlega röskun á umferð og viðskiptum milli landa.

3. gr. Meginreglur

1. Við framkvæmd þessarar reglugerðar skal hafa í heiðri mannlega reisn, mannréttindi og mannfrelsi einstaklinga.

2. Við framkvæmd þessarar reglugerðar skal hafa stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að leiðarljósi.

3. Við framkvæmd þessarar reglugerðar skal stefna að því markmiði að henni verði alls staðar beitt til að vernda þjóðir heims gegn útbreiðslu sjúkdóma milli landa.

4. Í samræmi við stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og meginreglur þjóðaréttar hafa ríki fullveldisrétt til að setja lög og framkvæma lög til að framfylgja stefnu sinni í heilbrigðismálum. Skulu þau þá hafa markmiðið með þessari reglugerð að leiðarljósi.

4. gr. Ábyrg yfirvöld

1. Hvert samningsríki skal tilnefna eða stofna landstengilið fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina og einnig tilnefna eða stofna þau yfirvöld í lögsögu sinni sem bera skulu ábyrgð á framkvæmd heilbrigðisráðstafana samkvæmt þessari reglugerð.

2. Landstengiliðir fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina skulu ætíð vera til taks til samskipta við tengiliði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina skv. 3. mgr. þessarar greinar. Störf landstengiliða fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina felast m.a. í því:

- a) að senda tengiliðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina áriðandi orðsendingar fyrir hönd viðkomandi samningsríkis um framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum skv. 6.–12. gr., og
- b) að miðla upplýsingum til viðeigandi stjórnsýsludeilda viðkomandi samningsríkis og safna upplýsingum frá þeim, þ.m.t. þær stjórnsýsludeildir sem bera ábyrgð á vöktun og skýrslugjöf, landamærastöðvum, lýðheilsuþjónustu, heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum og öðrum ríkisstofnunum.

3. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal tilnefna sína tengiliði fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina sem skulu ætíð vera til taks til samskipta við landstengiliði fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina. Tengiliðir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina skulu senda áriðandi orðsendingar, sem varða framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum skv. 6.–12. gr., til landstengiliða viðkomandi samningsríkja fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina. Tengiliðir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina geta haft aðsetur í höfuðbækistöðvum stofnunarinnar eða í svæðisbundnum stofnunum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

4. Samningsríkin skulu gefa Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni samskiptaupplýsingar um landstengiliði fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal gefa samningsríkjunum samskiptaupplýsingar um sína tengiliði fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina. Þessar samskiptaupplýsingar skulu uppfærðar stöðugt og staðfestar árlega. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal sjá til þess að öll samningsríkin hafi aðgang að þeim samskiptaupplýsingum um landstengiliði fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina sem henni berast samkvæmt þessari grein.

II. HLUTI – UPPLÝSINGAR OG VIÐBRÖGÐ Á SVIÐI LÝÐHEILSU

5. gr. Vöktun

1. Hvert samningsríki skal, eins skjótt og unnt er en þó innan fimm ára frá því að reglugerð þessi öðlast gildi að því er varðar það samningsríki, þróa, efla og viðhalda viðbúnaði sínum til að greina, meta, tilkynna og gefa skýrslur um atburði samkvæmt þessari reglugerð eins og nánar er tiltekið í 1. viðauka.

2. Að loknu því mati, sem um getur í 2. mgr. A-hluta 1. viðauka, getur samningsríki sent skýrslu, ásamt framkvæmdaáætlun, til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar með rökstuðningi fyrir þörfinni á framlengingu og fengið þar með framlengingu um tvö ár á frestinum til að uppfylla skyldur sínar skv. 1. mgr. þessarar greinar. Samningsríkið getur, í undantekningartilvikum og með stöð í nýrri framkvæmdaáætlun, sótt um frekari framlengingu, að hámarki tvö ár, hjá aðalframkvæmdastjóranum sem tekur ákvörðun um framlenginguna með hliðsjón af tæknilegum ráðleggingum nefndarinnar sem komið er á fót skv. 50. gr. (hér á eftir nefnd

„endurskoðunarnefndin“). Að loknum frestinum, sem nefndur er í 1. mgr. þessarar greinar, skal samningsríki, sem hefur fengið frest, gefa Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni árlega skýrslu um hvernig miðar í átt að fullri framkvæmd.

3. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal, að fenginni beiðni, aðstoða samningsríki við að þróa, efla og viðhalda þeim viðbúnaði sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

4. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal, með vöktunarstarfsemi sinni, safna upplýsingum um atburði og meta hvort hætt sé við því að þeir valdi útbreiðslu sjúkdóma milli landa og trúfli umferð milli landa. Alþjóðaheilbrigðismálastofnun skal meðhöndla upplýsingar, sem henni berast samkvæmt þessari málsgrein, í samræmi við 11. og 45. gr. eftir því sem við á.

6. gr. Tilkynningar

1. Samningsríkin skulu nota ákvörðunarferlið skv. 2. viðauka til að meta atburði á yferráðasvæði sínu.

Hvert samningsríki skal nota bestu fjarskiptatækni sem völ er á til að tilkynna Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, í gegnum landstengilið fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina og innan 24 klukkustunda frá því að lokið er mati á viðeigandi lýðheilsuupplýsingum, um alla þá atburði á yferráðasvæði sínu sem gætu reynst bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims samkvæmt ákvörðunarferlinu og einnig tilkynna um allar heilbrigðisráðstafanir sem gripið hefur verið til vegna þessara atburða. Ef tilkynningin, sem berst Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, tengist verksviði Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar skal Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin þegar í stað tilkynna það til Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar.

2. Þegar samningsríki hefur sent frá sér tilkynningu til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar skal það halda áfram að senda henni tímanlegar, nákvæmar og nægilega ítarlegar lýðheilsuupplýsingar, sem það hefur aðgang að, um tilkynnta atburðinn og skal, þegar unnt er, láta fylgja skilgreiningar tilfella, niðurstöður frá rannsóknarstofum, upplýsingar um uppruna og tegund áhættu, fjölda sjúkdómstilvika og dauðsfalla, aðstæður sem hafa áhrif á útbreiðslu sjúkdómsins og ráðstafanir, sem gripið hefur verið til, og, þegar þörf er á, skýra frá vandanum sem við er að etja og þeim stuðningi sem er nauðsynlegur til að unnt verði að bregðast við hugsanlegri, bráðri ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims.

7. gr. Samnýting upplýsinga þegar um er að ræða óvænta eða óvenjulega atburði sem varða lýðheilsu

Hafi samningsríki vísbendingar um óvæntan eða óvenjulegan atburð sem varðar lýðheilsu á yferráðasvæði þess og atburðurinn gæti reynst bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims skal það veita Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni allar lýðheilsuupplýsingar sem skipta máli sama hver eru upptök atburðarins eða uppruni. Þegar svo háttar til gilda ákvæði 6. gr. í heild sinni.

8. gr. Samráð

Þegar atburðir á yferráðasvæði samningsríkis útheimta ekki tilkynningu skv. 6. gr., einkum þegar ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar um atburðinn til að ljúka ákvörðunarferlinu, getur samningsríkið engu að síður látið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina vita um atburðinn með milligöngu landstengilliðar síns fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina og haft samráð við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina um viðeigandi heilbrigðisráðstafanir. Slíkar orðsendingar skulu meðhöndlaðar í samræmi við 2.–4. mgr. 11. gr. Samningsríkið, þar sem atburðurinn hefur átt sér stað, getur óskað eftir aðstoð Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar við að meta faraldsfræðileg gögn sem það hefur aflað sér.

9. gr. Aðrar skýrslur

1. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin getur haft til hliðsjónar upplýsingar samkvæmt öðrum heimildum en tilkynningum eða samráði og skal meta þessar upplýsingar eftir viðurkenndum,

faraldsfræðilegum reglum og senda síðan upplýsingar um atburðinn til samningsríkisins þar sem atburðurinn er talinn eiga sér stað. Áður en Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin grípur til aðgerða á grundvelli slíkra upplýsinga skal hún hafa samráð við samningsríkið þar sem atburðurinn er talinn eiga sér stað og reyna að fá staðfestingu hjá því í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 10. gr. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, í þessu skyni, sjá til þess að samningsríkin hafi aðgang að upplýsingunum og því aðeins halda uppruna þeirra leyndum að full ástæða sé til þess. Upplýsingarnar skulu notaðar í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 11. gr.

2. Samningsríkin skulu, eftir því sem því verður við komið, tilkynna það innan 24 klukkustunda til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar ef þau fá í hendur gögn um hættu fyrir lýðheilsuna sem hefur greinst utan yfirráðasvæðis þeirra og kann að valda útbreiðslu sjúkdóms milli landa með innfluttum eða útfluttum:

- a) einstaklingum með sjúkdóminn,
- b) smitferjum sem bera með sér sýkingu eða mengun eða
- c) vörum sem eru mengaðar.

10. gr. Staðfesting

1. Í samræmi við 9. gr. skal Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin óska eftir staðfestingu samningsríkis á skýrslum, sem byggjast á öðrum heimildum en tilkynningum eða samráði, um atburði sem gætu reynst bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims og sem talið er að eigi sér stað á yfirráðasvæði samningsríkisins. Þegar svo háttar til skal Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin tilkynna hlutaðeigandi samningsríki um skýrslurnar sem hún er að leitast við að fá staðfestar.

2. Samkvæmt málsgreininni hér að framan og skv. 9. gr. skal hvert samningsríki, að beiðni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, staðfesta og senda:

- a) innan 24 klukkustunda, fyrsta svar sitt við beiðni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar eða staðfestingu á viðtöku beiðninnar,
- b) innan 24 klukkustunda, fyrirbyggjandi lýðheilsuupplýsingar um ástandið með tilliti til atburðanna sem um getur í beiðni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og
- c) upplýsingar til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar með skírskotun til mats skv. 6. gr., þ.m.t. viðeigandi upplýsingar samkvæmt þeirri grein.

3. Þegar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin fær í hendur upplýsingar um atburð sem gæti reynst bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims skal hún bjóðast til samvinnu við hlutaðeigandi samningsríki um mat á því hvort sjúkdómur getur náð að breiðast milli landa, hvort röskun getur orðið á umferð milli landa og hvort sóttvarnarráðstafanir eru fullnægjandi. Þessi starfsemi getur t.d. verið samstarf við aðrar stöðlunarstofnanir og tilboð um að skipuleggja alþjóðlegt hjálparstarf til að aðstoða innlend yfirvöld við framkvæmd og samræmingu á matsaðgerðum á vettvangi. Fari samningsríkið þess á leit skal Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin veita upplýsingar til stuðnings slíku tilboði.

4. Taki samningsríkið ekki tilboði um samstarf getur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin veitt öðrum samningsríkjum þær upplýsingar sem henni eru tiltækar, ef umfang hættunnar fyrir lýðheilsuna er slíkt að það sé réttlætanlegt, um leið og hún hvetur samningsríkið til að samþykkja tilboð sitt um samstarf, að teknu tilliti til sjónarmiða hlutaðeigandi samningsríkis.

11. gr. Upplýsingamiðlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar

1. Með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar skal Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin senda öllum samningsríkjunum og viðeigandi milliríkjastofnunum, eftir því sem við á, þær lýðheilsuupplýsingar sem henni hafa borist skv. 5. til og með 10. gr. og sem eru nauðsynlegar til að gera samningsríkjunum kleift að bregðast við hættu fyrir lýðheilsuna og skulu upplýsingarnar sendar eins fljótt og unnt er, með skilvirkustu aðferðum sem völ er á og sem trúnaðarmál. Rétt er að

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin sendi öðrum samningsríkjum upplýsingar sem gætu nýst til að koma í veg fyrir svipuð atvik hjá þeim.

2. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal nota upplýsingar, sem henni berast skv. 6. og 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., til að staðfesta, meta og veita aðstoð samkvæmt þessari reglugerð og hafi hún ekki samið um annað við samningsríkin, sem um getur í þessum ákvæðum, skal hún ekki veita öðrum samningsríkjum almennan aðgang að þessum upplýsingum fyrir en:

a) atburðurinn hefur verið skilgreindur sem bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims, í samræmi við 12. gr., eða

b) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur staðfest, í samræmi við viðurkenndar faraldsfræðilegar reglur, upplýsingar sem gefa vísbendingu um útbreiðslu sýkingar eða mengunar milli landa eða

c) vísbendingar eru um:

i. að ólíklegt sé að sóttvarnarráðstafanir gegn útbreiðslu milli landa heppnist í ljósi þess hvers eðlis mengunin, sjúkdómsvaldurinn, smitferjan eða smitgeymirinn er eða

ii. að viðkomandi samningsríki hafi ekki nægan rekstrarlegan viðbúnað til að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu sjúkdómsins eða

d) eðli og umfang millilandaferða og -flutnings ferðamanna, farangurs, farms, gáma, farartækja, vöru eða pósthögglar, sem gætu hafa orðið fyrir áhrifum frá sýkingu eða mengun, útheimtir að tafarlaust verði gripið til alþjóðlegra sóttvarnarráðstafana.

3. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal hafa samráð við samningsríkið, þar sem atburðurinn á sér stað, til að kanna hvort það hyggst veita aðgang að upplýsingum samkvæmt þessari grein.

4. Þegar samningsríkjum er veittur aðgangur, í samræmi við þessa reglugerð, að upplýsingum sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni berast skv. 2. mgr. þessarar greinar getur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin einnig gert þær aðgengilegar almenningi hafi aðrar upplýsingar um sama atburð þegar verið gerðar aðgengilegar öllum og skapast hefur þörf fyrir áreiðanlegar upplýsingar frá óháðum aðila.

12. gr. Ákvörðun þess hvort atburður er bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims

1. Aðalframkvæmdastjórinn skal ákvarða, á grundvelli þeirra upplýsinga sem honum hafa borist, einkum frá samningsríkinu þar sem tiltekinn atburður á sér stað, hvort atburðurinn sé bráð ógn við lýðheilsuna, sem varðar þjóðir heims, í samræmi við viðmiðanirnar og málsmeðferðina sem sett eru fram í þessari reglugerð.

2. Telji aðalframkvæmdastjórinn, á grundvelli mats sem var unnið samkvæmt þessari reglugerð, að um sé að ræða bráða ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims skal hann hafa samráð um þessa bráðabirgðaákvörðun við samningsríkið þar sem atburðurinn á sér stað. Ef aðalframkvæmdastjórinn og samningsríkið eru sammála um þessa ákvörðun skal aðalframkvæmdastjórinn, í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 49. gr., leita álits nefndarinnar, sem komið er á fót skv. 48. gr. (hér á eftir kölluð „bráðanefndin“), um viðeigandi, tímabundin tilmæli.

3. Ef aðalframkvæmdastjórinn og samningsríkið, þar sem atburðurinn á sér stað, koma sér ekki saman um það, innan 48 stunda frá samráðinu skv. 2. mgr. hér að framan, hvort atburðurinn er bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims skal tekin ákvörðun um það í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 49. gr.

4. Við ákvörðun á því hvort atburður er bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims skal aðalframkvæmdastjórinn veita og meta:

- a) upplýsingarnar sem samningsríkið veitti,
- b) ákvörðunarferlið skv. 2. viðauka,
- c) ráðleggingar bráðanefndarinnar,
- d) vísindalegar meginreglur og fyrirliggjandi vísindaleg gögn sem og aðrar upplýsingar sem varða málið og
- e) hvort meta þurfi hættuna fyrir heilbrigði manna, hættu á útbreiðslu sjúkdóma milli landa og hættu á röskun á umferð milli landa.

5. Telji aðalframkvæmdastjórinn, að loknu samráði við samningsríkið þar sem upp kom bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims, að þessi ógn sé liðin hjá skal hann taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 49. gr.

13. gr. Viðbrögð á sviði lýðheilsu

1. Hvert samningsríki skal, eins fljótt og unnt er en þó innan fimm ára frá því að reglugerð þessi öðlast gildi að því er varðar það samningsríki, þróa, efla og viðhalda viðbúnaði sínum til að bregðast án tafar og skilvirkt við hættum fyrir lýðheilsuna og bráðum ógnum við lýðheilsuna sem varða þjóðir heims, eins og sett er fram í 1. viðauka. Í samráði við aðildarríkin skal Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin birta viðmiðunarreglur til að aðstoða samningsríkin við að þróa viðbúnað til viðbragða á sviði lýðheilsu.

2. Að loknu því mati, sem um getur í 2. mgr. A-hluta 1. viðauka, getur samningsríki sent skýrslu, ásamt framkvæmdaáætlun, til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar með rökstuðningi fyrir þörf á framlengingu og fengið þar með framlengingu um tvö ár á frestinum til að rækja skyldu sína skv. 1. mgr. þessarar greinar. Samningsríkin geta, í undantekningatilvikum og með stoð í nýrri framkvæmdaáætlun, sótt um frekari framlengingu, að hámarki tvö ár, hjá aðalframkvæmdastjóranum sem tekur ákvörðun um framlenginguna með hliðsjón af tæknilegum ráðleggingum endurskoðunarnefndarinnar. Að loknum frestinum, sem nefndur er í 1. mgr. þessarar greinar, skal samningsríki, sem fær frest, gefa Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni árlega skýrslu um hvernig miðar í átt að fullri framkvæmd.

3. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal hafa samvinnu við samningsríki, fari það þess á leit, um viðbrögð við hættum fyrir lýðheilsuna og öðrum atburðum með því að veita leiðsögn og aðstoð í tæknimálum og með því að meta skilvirkni þeirra sóttvarnarráðstafana sem gerðar hafa verið, þ.m.t. að koma upp alþjóðlegum sérfræðingsteymum til aðstoðar á vettvangi þegar þess gerist þörf.

4. Komist Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin að þeirri niðurstöðu, í samráði við viðkomandi samningsríki, eins og kveðið er á um í 12. gr., að komin sé upp bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims getur hún boðið samningsríkinu frekari aðstoð til viðbótar þeirri aðstoð sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. að meta alvarleika þessarar alþjóðlegru hættu og hvort sóttvarnarráðstafanir séu fullnægjandi. Þessi samvinna getur t.d. verið tilboð um að skipuleggja alþjóðlegt hjálparstarf til að aðstoða innlend yfirvöld við framkvæmd og samræmingu á matsaðgerðum á vettvangi. Fari samningsríkið þess á leit skal Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin veita upplýsingar til stuðnings slíku tilboði.

5. Samningsríkin skulu styðja samræmdar viðbragðsaðgerðir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar eftir fremsta megni fari Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin þess á leit.

6. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal veita viðeigandi leiðsögn og aðstoð til handa öðrum samningsríkjum sem fara þess á leit og hafa orðið fyrir áhrifum bráðrar ógnar við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims eða eru í hættu vegna hennar.

14. gr. Samstarf Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar við milliríkjastofnarnir og alþjóðastofnanir

1. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal, eftir atvikum, hafa samvinnu og samræma starfsemi sína við aðrar þar til bærar milliríkjastofnanir eða alþjóðastofnanir um framkvæmd þessarar reglugerðar, þ.m.t. gerð samninga og annarra svipaðra samþykka.
2. Þegar svo háttar til að tilkynning eða staðfesting eða viðbrögð við atburði er fyrst og fremst á verksviði annarra milliríkjastofnana eða alþjóðastofnana skal Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin samræma starfsemi sína við þær stofnanir til að tryggja að gripið verði til aðgerða sem nægja til að vernda lýðheilsu.
3. Þrátt fyrir það sem að framan segir kemur ekkert í þessari reglugerð í veg fyrir eða hamlar því að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin veiti ráðleggingar, stuðning, aðstoð í tæknimálum eða aðra aðstoð í þeim tilgangi að tryggja lýðheilsu.

III. HLUTI – TILMÆLI

15. gr. Tímabundin tilmæli

1. Hafi verið staðfest, í samræmi við 12. gr., að upp sé komin bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims skal aðalframkvæmdastjórinn gefa út tímabundin tilmæli í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 49. gr. Breyta má slíkum tímabundnum tilmælum eða framlengja þau eftir því sem við á, einnig eftir að ákvarðað hefur verið að bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims sé liðin hjá en þá er heimilt að gefa út önnur tímabundin tilmæli eftir þörfum til að koma í veg fyrir að hún komi upp aftur eða til að greina hana strax ef það gerist.
2. Tímabundin tilmæli geta tekið til heilbrigðisráðstafana sem því samningsríki ber að grípa til, þar sem ríkir bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims, eða sem öðrum samningsríkjum ber að grípa til gagnvart fólki, farangri, farmi, gámum, farartækjum, vörum og/eða pósthöggjum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr útbreiðslu sjúkdóms milli landa og komast hjá ónauðsynlegri röskun á umferð milli landa.
3. Ógilda má tímabundin tilmæli hvenær sem er í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 49. gr. og þau falla sjálfkrafa úr gildi þremur mánuðum eftir að þau eru gefin út. Heimilt er að breyta þeim eða framlengja þau um allt að þrjú mánuði. Tímabundin tilmæli mega ekki gilda fram yfir annað alþjóðaheilbrigðisþingið sem er haldið eftir staðfestinguna á þeirri bráðu ógn við lýðheilsuna sem tilmælin taka til og varðar þjóðir heims.

16. gr. Föst tilmæli

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin getur gefið út föst tilmæli um viðeigandi heilbrigðisráðstafanir, í samræmi við 53. gr., sem beita skal venjubundið eða reglubundið. Samningsríki geta beitt slíkum ráðstöfunum gagnvart fólki, farangri, farmi, gámum, farartækjum, vörum og/eða pósthöggjum, þegar um er að ræða yfirstandandi hættur fyrir lýðheilsuna, í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr útbreiðslu sjúkdóma milli landa og komast hjá ónauðsynlegri röskun á umferð milli landa. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin getur breytt slíkum tilmælum eða ógilt þau, eins og við á, í samræmi við 53. gr.

17. gr. Viðmiðanir um tilmæli

Þegar aðalframkvæmdastjórinn gefur út, breytir eða ógildir tímabundin eða föst tilmæli skal hann vega og meta:

- a) sjónarmið þeirra samningsríkja sem eiga beinan hlut að máli,

- b) ráðleggingar bráðanefndarinnar eða endurskoðunarnefndarinnar eftir atvikum,
- c) vísindalegar meginreglur og fyrirliggjandi vísindaleg gögn og aðrar upplýsingar,
- d) heilbrigðisráðstafanir sem byggjast á áhættumati, þar sem tekið er mið af aðstæðum, og setja hvorki strangari takmarkanir á umferð og viðskipti milli landa né ganga nær fólki en aðrir kostir sem eðlilegt er að gera ráð fyrir að séu fyrir hendi og myndu vernda heilsu að sama marki,
- e) viðeigandi alþjóðastaðla og -gerninga,
- f) aðgerðir sem aðrar viðeigandi milliríkjastofnanir og alþjóðastofnanir hafa hrundið í framkvæmd og
- g) aðrar viðeigandi og sértækar upplýsingar um atburðinn sem skipta máli. Að því er tímabundin tilmæli varðar getur athugun aðalframkvæmdastjórans, skv. e- og f-lið þessarar greinar, verið takmörkunum háð vegna knýjandi aðstæðna.

18. gr. Tilmæli sem varða fólk, farangur, farm, gáma, farartæki, vörur og pósthöggla

1. Í þeim tilmælum, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur út til samningsríkja og varða fólk, geta komið fram eftirfarandi ráðleggingar:

- ekki verði gripið til sértækra heilbrigðisráðstafana,
- athugað verði hvort viðkomandi hefur farið um smitsvæði,
- yfirfarin verði gögn til sönnunar á læknisskoðun og greiningum á rannsóknarstofum,
- krafist verði læknisskoðunar,
- yfirfarin verði gögn til sönnunar á bólusetningu eða annarri fyrirbyggjandi meðferð,
- krafist verði bólusetningar eða annarrar fyrirbyggjandi meðferðar,
- grunsamlegt fólk verði sett undir vöktun vegna lýðheilsu,
- grunsamlegt fólk verði afkvíað eða öðrum heilbrigðisráðstöfunum beitt gagnvart því,
- fólk, sem hefur orðið fyrir áhrifum, verði sett í einangrun og meðferð ef þörf krefur,
- hafin verði leit að þeim sem hafa haft samband við grunsamlegt fólk eða við fólk sem hefur orðið fyrir áhrifum,
- grunsamlegu fólki eða fólki, sem hefur orðið fyrir áhrifum, verði synjað um komu inn í landið,
- fólki, sem hefur ekki orðið fyrir áhrifum, verði synjað um komu inn á smitsvæði og
- gerð verði skimunarprófun á fólki sem fer út af smitsvæði og/eða sett höft á för þess út af svæðinu.

2. Í þeim tilmælum, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur út til samningsríkja og varða farangur, farm, gáma, farartæki, vörur og pósthöggla, geta komið fram eftirfarandi ráðleggingar: – ekki verði gripið til sértækra heilbrigðisráðstafana,

- farmskrá og ferðaáætlun verði yfirfarnar,
- framkvæmdar verði eftirlitsskoðanir,
- yfirfarin verði gögn til sönnunar á ráðstöfunum sem gripið hefur verið til við brottför eða gegnumferð til að uppræta sýkingu eða mengun,
- séð verði til þess að farangur, farmur, gámar, farartæki, vörur, pósthöggla eða líkamsleifar fái meðhöndlun sem eyðir sýkingu eða mengun, þ.m.t. smitferjur og smitgeymar,
- gerðar verði sértækar heilbrigðisráðstafanir til að tryggja örugga meðhöndlun og flutning á líkamsleifum,
- beitt verði einangrun eða afkvíun,
- lagt verði hald á farangur, farm, gáma, farartæki, vörur og pósthöggla, sem eru sýkt eða menguð eða grunsamleg, og þeim eytt við stýrðar aðstæður ef ekki er kostur á annarri meðhöndlun eða öðru vinnsluferli sem gæti borið árangur og
- synjað verði um leyfi til brottfarar eða komu.

IV. HLUTI – LANDAMÆRASTÖÐVAR

19. gr. Almennar skyldur

Hvert samningsríki skal, auk þess að rækja aðrar skyldur sem kveðið er á um í þessari reglugerð:

- a) sjá til þess að kröfum um viðbúnað, sem settar eru fram í 1. viðauka fyrir tilnefndar landamærastöðvar, sé fullnægt innan þess frests sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 13. gr.,
- b) tilgreina lögbær yfirvöld á hverri tilnefndri landamærastöð á yfirráðasvæði ríkisins og
- c) útvega Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, eftir því sem unnt er og þegar stofnunin fer þess á leit vegna tiltekinnar, hugsanlegrar hættu fyrir lýðheilsuna, viðeigandi gögn um sýkingar- eða mengunaruppsprettur á landamærastöðvum samningsríkisins, þ.m.t. smitferjur og smitgeymar, sem gætu leitt til útbreiðslu sjúkdóms milli landa.

20. gr. Flugvellir og hafnir

1. Samningsríki skulu tilgreina þá flugvelli og hafnir þar sem komið skal upp þeim viðbúnaði sem kveðið er á um í 1. viðauka.
2. Samningsríkin skulu sjá til þess að útgáfa vottorða um sóttvarnarundanþágu fyrir skip og sóttvarnarvottorða fyrir skip sé í samræmi við kröfurnar í 39. gr. og fyrirmyndina sem birt er í 3. viðauka.

3. Hvert samningsríki skal senda Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni skrá yfir hafnir sem hafa leyfi:
 - a) til að gefa út sóttvarnavottorð fyrir skip og veita þá þjónustu sem um getur í 1. og 3. viðauka eða
 - b) eingöngu til að gefa út vottorð um sóttvarnarundanþágu fyrir skip og
 - c) til að framlengja vottorð um sóttvarnarundanþágu fyrir skip um mánuð þar til skipið kemur til hafnar sem getur tekið við vottorðinu. Sérhvert samningsríki skal upplýsa Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina um allar breytingar sem verða á stöðu þeirra hafna sem eru tilgreindar. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal birta þær upplýsingar sem berast og varða þessa málsgrein.
4. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin getur vottað, að beiðni viðkomandi samningsríkis og að lokinni viðeigandi rannsókn, að flugvöllur eða höfn á yfirráðasvæði ríkisins fullnægi kröfunum sem um getur í 1. og 3. mgr. þessarar greinar. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin getur endurskoðað slíka vottun með reglubundnum hætti í samráði við samningsríkið.
5. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal móta og gefa út leiðbeiningar um vottun fyrir flugvelli og hafnir, sem falla undir þessa grein, í samráði við þar til bærar milliríkjastofnanir og alþjóðastofnanir. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal einnig gefa út skrá yfir vottaða flugvelli og hafnir.

21. gr. Landamærastöðvar fyrir umferð á landi

1. Ef lýðheilsurök mæla með því getur samningsríki tilnefnt landamærastöðvar fyrir umferð á landi þar sem komið skal upp þeim viðbúnaði sem kveðið er á um í 1. viðauka, með hliðsjón:
 - a) af umfangi og tíðni millilandaumferðar af ýmsu tagi um þær landamærastöðvar samningsríkisins fyrir umferð á landi sem kunna að verða tilnefndar, borið saman við aðrar landamærastöðvar,
 - b) af hættum fyrir lýðheilsuna á svæðum sem millilandaumferðin kemur frá eða fer um áður en komið er að tiltekinni landamærastöð fyrir umferð á landi.
2. Samningsríki, sem eiga sameiginleg landamæri, ættu að íhuga:
 - a) að gera með sér tvíhliða eða marghliða samninga eða samkomulag um að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma milli landa eða halda slíkri útbreiðslu í skefjum á landamærastöðvum fyrir umferð á landi í samræmi við 57. gr. og
 - b) að tilnefna í sameiningu aðliggjandi landamærastöðvar fyrir umferð á landi sem hafi viðbúnað skv. 1. viðauka í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

22. gr. Hlutverk lögbærra yfirvalda

1. Lögbær yfirvöldu skulu:
 - a) bera ábyrgð á vöktun farangurs, farms, gáma, farartækja, vara, póstbögglar og líkamsleifa, sem eru flutt til eða frá smitsvæðum, með það að markmiði að halda þeim lausum við sýkingar- eða mengunaruppsprettur, þ.m.t. smitferjur og smitgeymar,

- b) sjá til þess, eftir því sem unnt er, að allri aðstöðu, sem ferðamenn nota á landamærastöðvum, sé haldið í heilsusamlegu ástandi og lausri við sýkingar- og mengunaruppsprettur, þ.m.t. smitferjur og smitgeymar,
 - c) bera ábyrgð á eftirliti með rottueyðingu, sóttgreinsun, skordýraeyðingu eða afmengun, að því er varðar farangur, farm, gáma, farartæki, vörur, póstböggla og líkamsleifar, eða eftirlit með heilbrigðisráðstöfunum fyrir fólk, eins og við á samkvæmt þessari reglugerð,
 - d) tilkynna rekstraraðilum farartækja, með eins miklum fyrirvara og unnt er, að þau hyggist beita sóttvarnarráðstöfunum gagnvart farartækjum og láta í té skriflegar upplýsingar, ef þær eru fyrir hendi, um aðferðirnar sem á að nota,
 - e) bera ábyrgð á eftirliti með því að mengað vatn eða matvæli, úrgangur frá mönnum eða dýrum og skólp og annað mengað efni frá farartækjum sé fjarlæggt og því fargað á öruggan hátt,
 - f) gera allar raunhæfar ráðstafanir, sem samrýmast þessari reglugerð, til að vakta og koma í veg fyrir losun frá skipum á fráveituvatni, sorpi, sjókjölfestu og öðrum efnum sem gætu valdið sjúkdómum og mengað vatn í höfnum, ám, skurðum, sundum, stöðuvötnum eða á öðrum alþjóðlegum vatnaleiðum,
 - g) bera ábyrgð á eftirliti með veitendum þjónustu sem tekur til ferðamanna, farangurs, farms, gáma, farartækja, vöru, póstböggla og líkamsleifa á landamærastöðvum, þ.m.t. hvers kyns eftirlitsskoðun og lækni-skoðun eftir því sem þörf krefur,
 - h) koma á skilvirku fyrirkomulagi til að bregðast við óvæntum atburðum er varða lýðheilsu og
 - i) tilkynna landstengiliði fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina um viðeigandi ráðstafanir á sviði lýðheilsu sem gripið hefur verið til samkvæmt þessari reglugerð.
2. Við komu má endurtaka heilbrigðisráðstafanir sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur mælt með að verði gerðar gagnvart ferðamönnum, farangri, gámum, farartækjum, vörum, póstbögglum og líkamsleifum sem koma frá smitsvæði ef fyrir hendi eru sannreynanlegar ábendingar og/eða vísbendingar um að ráðstafanir, sem beitt var við brottför frá því svæði, hafi ekki borið árangur.
3. Skordýraeyðing, rottueyðing, sóttgreinsun, afmengun og aðrar hreinlætisaðgerðir skulu vera með þeim hætti að komist verði hjá meiðslum á fólki og einnig verði, eftir því sem unnt er, komist hjá því að valda fólki óþægindum eða spilla umhverfinu á þann hátt að það hafi áhrif á lýðheilsu eða valdi tjóni á farangri, farmi, gámum, farartækjum, vörum og póstbögglum.

V. HLUTI – RÁÐSTAFANIR Á SVIÐI LÝÐHEILSU

I. kafli – Almenn ákvæði

23. gr. Heilbrigðisráðstafanir við komu og brottför

1. Með fyrirvara um gildandi alþjóðasamninga og viðeigandi greinar þessarar reglugerðar er sammingsríki heimilt, við komu eða brottför og af ástæðum er varða lýðheilsu, að krefjast:

a) að því er varðar ferðamenn:

i. upplýsinga um áfangastaði ferðamanna svo að unnt sé að ná sambandi við þá,

ii. upplýsinga um ferðaslóð ferðamanna fyrir komu til að kanna hvort þeir hafa ferðast um smitsvæði eða verið í námunda við smitsvæði eða hugsanlega komist á annan hátt í tæri við sýkingu eða mengun fyrir komu sína og einnig að krefjast athugunar á heilbrigðisskjölum ferðamanna ef gerð er krafa um slík skjöl samkvæmt þessari reglugerð og/eða

iii. lækni- og lækningaferðir sem felur ekki í sér inngrip og er eins lítið nærgöngul og unnt er til að ná settu lýðheilsuþáttum,

b) skoðunar farangurs, farms, gáma, farartækja, vara, póstbökkla og líkamsleifa.

2. Samningsríkjunum er heimilt, á grundvelli gagna um hættu fyrir lýðheilsuna, sem aflað hefur verið með þeim ráðstöfunum, sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, eða með öðrum aðferðum, að beita frekari heilbrigðisráðstöfunum í samræmi við þessa reglugerð og skal einkum, þegar um er að ræða ferðamenn sem eru grunsamlegir eða hafa orðið fyrir áhrifum, eftir atvikum, framkvæma lækni- og lækningaferðir sem er eins lítið nærgöngul og með eins litlum inngripum og unnt er til að ná því lýðheilsuþáttum að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma milli landa.

3. Ekki skal framkvæma lækni- og lækningaferðir, bólu- og sýkingaferðir eða beita heilbrigðisráðstöfun samkvæmt þessari reglugerð án þess að fá fyrst skýlaust og upplýst samþykki viðkomandi ferðamanns fyrir því, eða foreldra hans eða forráðamanna nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 2. mgr. 31. gr. og í samræmi við lög og alþjóðlegar skuldbindingar viðkomandi samningsríkis.

4. Upplýsa skal ferðamenn, sem á að bólu- og sýkingaferðir eða bjóða fyrirbyggjandi meðferð samkvæmt þessari reglugerð, eða foreldra þeirra eða forráðamenn, um alla hættu sem fylgir bólu- og sýkingaferðum eða fyrirbyggjandi meðferð sem boðin er og hættu sem fylgir því að þiggja ekki bólu- og sýkingaferðir eða fyrirbyggjandi meðferð, í samræmi við lög og alþjóðlegar skuldbindingar samningsríkisins. Samningsríkin skulu tilkynna starfandi læknum um þessar kröfur í samræmi við lög sín.

5. Ferðamenn skulu ekki sæta lækni- og lækningaferðir, bólu- og sýkingaferðir eða annarri fyrirbyggjandi meðferð eða inngjöf sem felur í sér hættu á sjúkdómssmiti nema það sé gert í samræmi við viðurkenndar landsbundnar eða alþjóðlegar öryggisleiðbeiningar og öryggisstaðla til að lágmarka slíka hættu.

II. kafli – Sérákvæði um farartæki og rekstraraðila farartækja

24. gr. Rekstraraðilar farartækja

1. Samningsríkin skulu gera allar raunhæfar ráðstafanir, sem samrýmast þessari reglugerð, til að tryggja að rekstraraðilar farartækja:

a) fylgi þeim heilbrigðisráðstöfunum sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur mælt með að verði gerðar og sem samningsríkið hefur samþykkt,

b) upplýsi ferðamenn um þær heilbrigðisráðstafanir sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur mælt með að verði gerðar um borð í farartækinu og sem samningsríkið hefur samþykkt og

c) sjái til þess að farartækin, sem þeir bera ábyrgð á, séu ávallt laus við sýkingar- eða mengunaruppsprettur, þ.m.t. smitferjur og smitgeymar. Nauðsynlegt kann að vera að beita ráðstöfunum til þess að eyða sýkingar- eða mengunaruppsprettum finnist vísbendingar um þær;

2. Í 4. viðauka er kveðið á um sértæk ákvæði varðandi farartæki og rekstraraðila farartækja sem falla undir þessa grein. Í 5. viðauka er kveðið á um sértækar ráðstafanir fyrir farartæki og rekstraraðila farartækja með tilliti til sjúkdóma sem berast með smitferjum.

25. gr. Skip og loftför í gegnumferð

Með fyrirvara um 27. og 43. gr. skal samningsríki ekki beita heilbrigðisráðstöfun, nema samkvæmt heimild í gildandi alþjóðasamningum, gagnvart:

- a) skipi sem kemur ekki frá smitsvæði en fer um skipaskurð eða vatnaleið, sem liggur að sjó, á yfirráðasvæði samningsríkisins á leið sinni til hafnar á yfirráðasvæði annars samningsríkis; heimilt er að ferma öll slík skip með eldsneyti, vatni, matvælum og birgðum undir eftirliti lögbærs yfirvalds,
- b) skipi sem fer um hafsvæði í lögsögu samningsríkisins án þess að hafa viðkomu í höfn eða við strönd og
- c) loftfari í gegnumferð á flugvelli í lögsögu samningsríkisins en þó má takmarka staðsetningu loftfarsins við tiltekið svæði á flugvellingum og banna ferðir um borð og frá borði eða fermingu og affermingu. Heimilt er þó að ferma öll slík loftför með eldsneyti, vatni, matvælum og birgðum undir eftirliti lögbærs yfirvalds.

26. gr. Almennar vöruflutningabifreiðir, lestir og langferðabifreiðir í gegnumferð

Með fyrirvara um 27. og 43. gr. skal samningsríki ekki beita heilbrigðisráðstöfun, nema samkvæmt heimild í gildandi alþjóðasamningum, gagnvart almennum vöruflutningabifreiðum, lestum og langferðabifreiðum sem koma ekki frá smitsvæðum en fara um yfirráðasvæði samningsríkisins án þess að farið sé frá borði eða um borð í farartækið eða það fermt eða affermt.

27. gr. Farartæki sem hafa orðið fyrir áhrifum

1. Ef um borð í farartæki finnast klínísk ummerki eða einkenni sjúkdóms og upplýsingar, sem byggjast á staðreyndum eða vísbendingum er sýna að fyrir hendi er hætta fyrir lýðheilsuna, þ.m.t. sýkingar- og mengunaruppsprettur, skal lögbært yfirvald líta svo á að farartækið hafi orðið fyrir áhrifum og getur þá:

- a) sóttreinsað eða afmengað farartækið eða eytt skordýrum eða rottum í því, eins og við á, eða séð til þess að til slíkra ráðstafana verði gripið undir eftirliti þess og
- b) ákveðið í hverju tilviki fyrir sig þá tækni sem beita skal til að halda viðkomandi hættu fyrir lýðheilsuna í skefjum á fullnægjandi hátt eins og kveðið er á um í þessari reglugerð. Mæli Alþjóðaheilbrigðisstofnunin með tilteknum aðferðum eða tilföngum skal beita þeim nema lögbært yfirvald ákveði að aðrar aðferðir séu jafnöruggar og áreiðanlegar. Lögbært yfirvald getur beitt fleiri sóttvarnarráðstöfunum til viðbótar, þ.m.t. einangrun farartækis ef þurfa þykir, til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóms. Slíkar viðbótarráðstafanir ber að tilkynna til viðkomandi landstengilliðar fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina.

2. Ef lögbært yfirvald landamærastöðvar getur ekki framkvæmt sóttvarnarráðstafanir samkvæmt þessari grein skal engu að síður heimila brottför farartækis, sem hafði orðið fyrir áhrifum, með eftirtöldum skilyrðum:

- a) lögbært yfirvald skal við brottför veita lögbæra yfirvaldinu á næstu landamærastöð, sem vitað er um, upplýsingarnar sem um getur í b-lið og

b) ef um er að ræða skip skulu vísbendingar sem finnast, og þær sóttvarnarráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, skráðar í sóttvarnavottorð skipsins. Heimilt er að ferma öll slík flutningatæki með eldsneyti, vatni, matvælum og birgðum undir eftirliti lögbærs yfirvalds.

3. Farartæki sem talið hefur verið að hafi orðið fyrir áhrifum skal ekki lengur talið svo þegar lögbært stjórnvald hefur fullvissað sig um:

a) að ráðstafanir þær, sem kveðið er á um 1. mgr. þessarar greinar, hafi verið gerðar með fullnægjandi hætti og

b) að engar aðstæður séu um borð sem gætu skapað hættu fyrir lýðheilsuna.

28. gr. Skip og loftför á landamærastöðvum

1. Með fyrirvara um 43. gr. eða viðeigandi alþjóðasamninga er ekki unnt að nota lýðheilsu sem ástæðu til að koma í veg fyrir að skip eða loftför hafi viðkomu á landamærastöðvum. Hafi landamærastöð hins vegar ekki búnað fyrir heilbrigðisráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð er heimilt að gefa fyrirmæli um að skipið eða lofftarið skuli halda áfram á eigin ábyrgð til næstu hentugu landamærastöðvar sem völ er á nema skipið eða lofftarið eigi við bilun að etja sem geri leiðarbreytinguna óörugga.

2. Með fyrirvara um 43. gr. eða viðeigandi alþjóðasamninga getur samningsríki ekki skírskotað til lýðheilsu sem ástæðu til að synja um samskiptaleyfi fyrir skip eða loftför; einkum skal ekki komið í veg fyrir að farið sé um borð í skipið eða lofftarið eða frá borði, að það sé affermt eða fermt með farni eða vistum eða taki eldsneyti, vatn, mat og birgðir. Samningsríki geta sett það sem skilyrði fyrir veitingu samskiptaleyfis að skoðun fari fram og, finnist sýkingar- eða mengunaruppsprettur um borð, að fram fari nauðsynleg sóttthreinsun, afmengun, skordýraeyðing eða rottueyðing eða að aðrar nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar til að koma í veg fyrir að sýkingin eða mengunin breiðist út.

3. Þegar unnt er og með fyrirvara um málsgreinina hér að framan skal samningsríki nota þráðlaus fjarskipti eða aðrar aðferðir til fjarskipta til að veita skipi eða lofftari samskiptaleyfi ef samningsríkið er þeirrar skoðunar, á grundvelli upplýsinga frá skipinu eða lofftarinu fyrir komu, að það muni ekki bera með sér sjúkdóm né leiða til útbreiðslu sjúkdóms.

4. Skipstjórar skipa eða flugstjórar lofftara, eða fulltrúar þeirra, skulu tilkynna hafnarstjórn eða flugturni eins fljótt og unnt er, áður en komið er í höfn eða á flugvöll á ákvörðunarstað, um allan sjúkleika um borð, sem gæti bent til smitandi sjúkdóms, eða vísbendingar um hættu fyrir lýðheilsuna um leið og viðkomandi skipstjóri eða flugstjóri fær vitneskju um slík veikindi eða lýðheilsuhættu. Þessum upplýsingum skal umsvifalaust komið til lögbærs hafnar- eða flugvallaryfirvalds. Ef málið er mjög brýnt skulu skipstjórar eða flugstjórar koma þessum upplýsingum milliliðalaust til viðeigandi hafnar- eða flugvallaryfirvalds.

5. Eftirfarandi gildir ef grunsamlegu lofftari eða lofftari, sem hefur orðið fyrir áhrifum, er lent annars staðar en á þeim flugvelli þar sem átti að lenda því eða ef skipi er lagt annars staðar að bryggju en í þeirri höfn þar sem ætlunin var að það legðist að, af ástæðum sem flugstjóri lofftarsins eða skipstjóri skipsins fær ekki við ráðið:

a) flugstjóri lofftarsins eða skipstjóri skipsins eða annar einstaklingur við stjórn skal gera sitt ítrasta til að koma þessum upplýsingum tafarlaust til þess lögbæra yfirvalds sem næst er,

b) um leið og lögbæra yfirvaldið hefur fengið upplýsingar um lendinguna getur það beitt heilbrigðisráðstöfunum sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur mælt með að verði gerðar eða öðrum heilbrigðisráðstöfunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð,

c) enginn ferðamaður um borð í loftfarinu eða skipinu má fara út fyrir næsta umhverfi þess og enginn farmur skal færður út fyrir næsta umhverfi þess nema það sé nauðsynlegt sem neyðarúrræði eða vegna samskipta við lögbæra yfirvaldið og lögbæra yfirvaldið hafi veitt heimild til þess og

d) þegar allar heilbrigðisráðstafanir, sem lögbæra yfirvaldið krefst, hafa verið gerðar getur loftfarið eða skipið, að því er slíkar heilbrigðisráðstafanir varðar, haldið áfram til flugvallarins eða hafnarinnar þar sem átti að lenda því eða það að leggjast við höfn eða, ef það er ekki framkvæmanlegt af tæknilegum ástæðum, til flugvallar eða hafnar sem liggur vel við.

6. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar getur skipstjóri skips eða flugstjóri loftfars gripið til þeirra neyðarráðstafana sem kunna að vera nauðsynlegar til að tryggja heilbrigði og öryggi ferðamanna um borð. Hann skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu eins fljótt og unnt er um allar ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessari málsgrein.

29. gr. Almennar vöruflutningabifreiðir, lestir og langferðabifreiðir á landamærastöðvum

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal, í samráði við samningsríkin, setja leiðbeinandi meginreglur um beitingu heilbrigðisráðstafana þegar um er að ræða almennar vöruflutningabifreiðir, lestir og langferðabifreiðir sem fara um eða eru á landamærastöðvum fyrir umferð á landi.

III. kafli – Sérákvæði fyrir ferðamenn

30. gr. Ferðamenn undir vöktun vegna lýðheilsu

Með fyrirvara um 43. gr. eða samkvæmt heimild í gildandi alþjóðasamningum skal grunsamlegum ferðamanni, sem er við komu settur undir vöktun vegna lýðheilsu, heimilt að halda áfram ferð sinni milli landa ef hann skapar ekki bráða hættu fyrir lýðheilsuna og samningsríkið tilkynnir lögbæru yfirvaldi á landamærastöð ákvörðunarstaðar, ef hann er þekktur, um væntanlega komu ferðamannsins. Við komu skal ferðamaður tilkynna sig til þessa yfirvalds.

31. gr. Heilbrigðisráðstafanir í tengslum við komu ferðamanna

1. Ekki skal setja lækni skoðun með inngrípi, bólusetningar eða aðra fyrirbyggjandi meðferð sem skilyrði fyrir komu ferðamanna inn á yfirráðasvæði samningsríkis. Með fyrirvara um ákvæði 32., 42. og 45. gr. kemur þessi reglugerð þó ekki í veg fyrir að samningsríki krefjist lækni skoðunar, bólusetningar eða annarrar fyrirbyggjandi meðferðar eða gagna til sönnunar um bólusetningu eða aðra fyrirbyggjandi meðferð:

- a) þegar nauðsynlegt er að skera úr um hvort um sé að ræða hættu fyrir lýðheilsuna,
- b) sem skilyrði fyrir komu ferðamanna sem óska eftir tímabundinni eða fastri búsetu,
- c) sem skilyrði fyrir komu ferðamanna skv. 43. gr. eða 6. og 7. viðauka eða
- d) sem heimilt er að framkvæma skv. 23. gr.

2. Sé samningsríki heimilt að krefjast lækni skoðunar, bólusetningar eða annarrar fyrirbyggjandi meðferðar skv. 1. mgr. þessarar greinar en ferðamaður neitar slíkri ráðstöfun eða neitar að láta í té þær upplýsingar eða þau skjöl sem um getur í a-lið 1. mgr. 23. gr. getur viðkomandi samningsríki synjað ferðamanninum um komu, sbr. þó ákvæði 32., 42. og 45. gr. Ef vísbendingar eru um yfirvofandi hættu fyrir lýðheilsuna getur samningsríki, í samræmi við landslög og að því marki sem

þörf er á til að verjast slíkri hættu, fyrirskipað eða ráðlagt ferðamanni, skv. 3. mgr. 23. gr., að gangast undir:

- a) læknisskoðun sem felur ekki í sér inngrip og er eins lítið nærgöngul og unnt er til að ná settu lýðheilsuþarmmiði,
- b) bólusetningu eða aðra fyrirbyggjandi meðferð eða
- c) fleiri viðteknar heilbrigðisráðstafanir sem koma í veg fyrir sjúkdóma eða varna útbreiðslu þeirra, þ.m.t. einangrun, afkvíun eða vöktun viðkomandi ferðamanns vegna lýðheilsu.

32. gr. Meðhöndlun ferðamanna

Ef sammingsríki grípa til heilbrigðisráðstafana gagnvart ferðamönnum samkvæmt þessari reglugerð skulu þau meðhöndla þá af virðingu fyrir mannlegri reisn þeirra, mannréttindum og mannfrelsi og draga eftir föngum úr óþægindum og vanlíðan sem fylgja slíkum ráðstöfunum, t.d. með því:

- a) að koma fram af kurteisi og virðingu við alla ferðamenn,
- b) að taka tillit til kynferðis ferðamanna og félagslegs og menningarlegs bakgrunns þeirra, þjóðernis og trúar og
- c) að sjá ferðamönnum fyrir eða láta sjá þeim fyrir nægum mat og vatni, viðeigandi húsnæði og fatnaði, skjóli fyrir farangur og aðrar eigur, viðeigandi lækni meðferð, tækifærum til nauðsynlegra upplýsingaskipta, ef unnt er, á máli sem þeir geta skilið og annarri viðeigandi aðstoð við ferðamenn sem eru í afkvíun, í einangrun eða sæta læknisskoðun eða öðrum lýðheilsuáðgerðum.

IV. kafli – Sérákvæði um vörur, gáma og gámahleðslusvæði

33. gr. Vörur í umflutningi

Með fyrirvara um 43. gr. skulu vörur, aðrar en lifandi dýr, í umflutningi án umfermingar ekki falla undir heilbrigðisráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð né skal hald lagt á þær af ástæðum er varða lýðheilsu, nema samkvæmt heimild í viðeigandi alþjóðasamningum.

34. gr. Gámar og gámahleðslusvæði

1. Sammingsríki skulu sjá til þess, eftir því sem unnt er, að gámaflytjendur noti gáma til millilandaflutninga sem er haldið lausum við sýkingar- eða mengunaruppsprettur, þ.m.t. smitferjur og smitgeymar, einkum meðan þökkun fer fram.
2. Sammingsríki skulu sjá til þess, eftir því sem unnt er, að gámahleðslusvæðum sé haldið lausum við sýkingar- eða mengunaruppsprettur, þ.m.t. smitferjur og smitgeymar.
3. Sé það álit sammingsríkis að gámaflutningar í umferð milli landa séu það umfangsmiklir að ástæða sé til aðgerða skulu lögbær yfirvöld gera allar raunhæfar ráðstafanir sem samrýmast þessari reglugerð, þ.m.t. að framkvæma skoðanir, til að meta hreinlætisástand gámahleðslusvæða og gáma í því skyni að tryggja að þær skyldur séu uppfylltar sem tilgreindar eru í þessari reglugerð.

4. Á gámahleðslusvæðum skal vera aðstaða til skoðunar og einangrunar gáma eftir því sem unnt er.
5. Viðtakendur og sendendur gáma skulu leitast við eftir fremsta megni að komast hjá víxlmengun við hleðslu fjölnýtra gáma.

VI. HLUTI – Heilbrigðisskjöl

35.gr. Almenn regla

Ekki er krafist annarra heilbrigðisskjala í millilandaumferð en kveðið er á um samkvæmt þessari reglugerð eða í tilmælum sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur út, að því tilskildu þó að þessi grein gildi ekki um ferðamenn, sem sækja um tímabundna eða fasta búsetu, né gildi hún um kröfur um skjöl varðandi lýðheilsustöðu vöru eða farms í millilandaviðskiptum samkvæmt gildandi alþjóðasamningum. Lögbært yfirvald getur krafist þess að ferðamenn fylli út eyðublöð með samskiptaupplýsingum og spurningalista um heilsu sína, svo fremi að þeir uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 23. gr.

36. gr. Vottorð um bólusetningu eða aðra fyrirbyggjandi meðferð

1. Bóluefni og fyrirbyggjandi meðferð, sem ferðamenn fá samkvæmt þessari reglugerð eða samkvæmt tilmælum, og vottorð um þá bólusetningu og meðferð skulu vera í samræmi við ákvæði 6. viðauka og, ef við á, ákvæði 7. viðauka að því er varðar tiltekna sjúkdóma.
2. Hafi ferðamaður undir höndum vottorð um bólusetningu eða aðra fyrirbyggjandi meðferð, sem gefið er út í samræmi við 6. viðauka og, ef við á, 7. viðauka, er ekki hægt að synja honum um komu inn í landið með skírskotun til sjúkdómsins sem vottorðið varðar, jafnvel þó að hann komi frá smitsvæði, nema lögbæra yfirvaldið hafi sannreynanlegar ábendingar og/eða vísbendingar um að bólusetningin eða önnur fyrirbyggjandi meðferð hafi ekki borið árangur.

37. gr. Yfirlýsing um heilbrigði sæfarenda

1. Áður en skip kemur í fyrstu viðkomuhöfn á yfirráðasvæði samningsríkis skal skipstjóri þess kanna heilbrigðisástandið um borð og skal hann, nema viðkomandi samningsríki fari ekki fram á slíkt við komu skipsins, fylla út og afhenda lögbæru yfirvaldi þeirrar hafnar yfirlýsingu um heilbrigði sæfarenda, sem er meðárituð af skipslækni, ef hann er um borð, eða afhenda yfirlýsinguna fyrir komu skipsins ef búnaður þess gerir það kleift og samningsríkið krefst slíkrar afhendingar fyrir fram.
2. Skipstjóri í millilandaferð, eða skipslæknir ef hann er um borð, skal veita lögbæra yfirvaldinu allar upplýsingar, sem það óskar eftir, um heilbrigðisástand um borð.
3. Yfirlýsing um heilbrigði sæfarenda skal vera í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 8. viðauka.
4. Samningsríki getur ákveðið:
 - a) að krefjast ekki yfirlýsingar um heilbrigði sæfarenda fyrir öll skip sem koma í höfn eða
 - b) að krefjast afhendingar yfirlýsingar um heilbrigði sæfarenda samkvæmt tilmælum sem varða skip sem koma frá smitsvæðum eða krefjast hennar fyrir skip sem gætu borið með sér smit eða mengun af öðrum ástæðum.

Samningsríkið skal tilkynna útgerðarfélögum eða fulltrúum þeirra um þessar kröfur.

38. gr. Heilbrigðiskafli í komuskýrslu/brottfararskýrslu loftfars

1. Á meðan loftfar er á flugi eða við landingu þess á fyrsta flugvellinum á yfirráðasvæði samningsríkis skal flugstjóri þess eða fulltrúi hans fylla eftir bestu getu út heilbrigðiskafla komuskýrslu/brottfararskýrslu loftfars, sem skal vera í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 9. viðauka, og afhenda lögbæru yfirvaldi þess flugvallar nema samningsríkið fari ekki fram á slíkt.
2. Flugstjóri loftfars í millilandaferð eða fulltrúi hans skal veita allar upplýsingar, sem samningsríkið óskar eftir, um heilbrigðisástand um borð og um allar heilbrigðisráðstafanir sem gerðar hafa verið viðvíkjandi loftfarinu.
3. Samningsríki getur ákveðið:
 - a) að krefjast ekki afhendingar heilbrigðiskafla komuskýrslu/brottfararskýrslu loftfars fyrir öll loftför sem koma eða
 - b) að krefjast afhendingar heilbrigðiskafla komuskýrslu/brottfararskýrslu loftfars samkvæmt tilmælum sem varða loftför sem koma frá smitsvæðum eða krefjast hennar fyrir loftför sem gætu borið með sér smit eða mengun af öðrum ástæðum.

Samningsríkið skal tilkynna umráðendum loftfara eða fulltrúum þeirra um þessar kröfur.

39. gr. Sóttvarnavottorð skipa

1. Vottorð um sóttvarnarundanþágu fyrir skip og sóttvarnavottorð fyrir skip skulu gilda í sex mánuði hið mesta. Framlengja má þetta tímabil um einn mánuð ef ekki er unnt að framkvæma skoðun eða beita tilskildum sóttvarnarráðstöfunum í viðkomandi höfn.
2. Ef ekki er framvísað gildu vottorði um sóttvarnarundanþágu fyrir skip eða sóttvarnavottorði fyrir skip eða ef vísbending finnst um hættu fyrir lýðheilsuna um borð í skipi getur samningsríki gripið til aðgerða eins og kveðið er á um í 1. mgr. 27 gr.
3. Vottorð þau, sem um getur í þessari grein, skulu vera í samræmi við fyrirmyndina í 3. viðauka.
4. Ef unnt er skulu sóttvarnarráðstafanir fara fram þegar skip og lestarrými eru tóm. Ef skipið er með kjölfestu skulu þær fara fram áður en skipið er lestað.
5. Þegar krafist er sóttvarnarráðstafana og þeim er lokið með fullnægjandi hætti skal lögbært yfirvald gefa út sóttvarnavottorð fyrir skipið þar sem fram koma athugasemdir um vísbendingar sem fundust og þær sóttvarnarráðstafanir sem gripið var til.
6. Lögbært yfirvald getur gefið út vottorð um sóttvarnarundanþágu fyrir skip í sérhverri höfn sem tiltekin er í 20 gr. ef það telur skipið vera laust við sýkingu og mengun, þ.m.t. smitferjur og smitgeymar. Slíkt vottorð skal að jafnaði aðeins gefið út ef skoðun skips hefur farið fram þegar skip og lestarrými voru tóm eða eru eingöngu með kjölfestu eða annað sem er þess eðlis eða svo fyrir komið að fullkomin skoðun á lestarrýmum er gerleg.

7. Ef aðstæður við sóttvarnarráðstafanir voru þess eðlis, að mati lögbærs yfirvalds fyrir höfnina þar sem þær fóru fram, að ekki var unnt að ná fullnægjandi árangri skal lögbært yfirvald gera athugasemd um það í sóttvarnavottorði skipsins.

VII. HLUTI – GJÖLD

40. gr. Gjöld fyrir heilbrigðisráðstafanir vegna ferðamanna

1. Þegar undanskildir eru ferðamenn, sem sækja um tímabundna eða fasta búsetu, og með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar skulu samningsríki ekki taka gjald af ferðamönnum samkvæmt þessari reglugerð fyrir eftirfarandi ráðstafanir til verndar lýðheilsu:

- a) læknisskoðun, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eða frekari skoðun sem samningsríkið getur krafist til að kanna heilbrigðisástand viðkomandi ferðamanns,
- b) bólusetningu eða aðra fyrirbyggjandi meðferð, sem ferðamaður fær við komu, enda hafi krafa um það ekki verið birt opinberlega eða verið birt skemur en 10 dögum fyrir bólusetningu eða aðra fyrirbyggjandi meðferð,
- c) viðeigandi einangrun eða afkvíun ferðamanna,
- d) útgáfu hvers konar vottorða til ferðamannsins þar sem tilgreint er hvaða ráðstafanir voru gerðar og hvaða dag eða
- e) heilbrigðisráðstafanir viðvíkjandi farangri ferðamanna.

2. Samningsríkjum er heimilt að taka gjald fyrir heilbrigðisráðstafanir, þ.m.t. þær sem eru einkum í þágu viðkomandi ferðamanns en að undanskildum þeim sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Ef tekið er gjald fyrir slíkar heilbrigðisráðstafanir viðvíkjandi ferðamanni samkvæmt þessari reglugerð skal aðeins vera ein gjaldskrá í hverju samningsríki fyrir slík gjöld og öll gjöld skulu:

- a) vera í samræmi við þá gjaldskrá,
- b) ekki vera hærri en raunkostnaður við þá þjónustu sem er veitt og
- c) lögð á án greinarmunar með tillits til ríkisfangs, lögheimilis eða búsetu viðkomandi ferðamanns.

4. Birta skal gjaldskrána og allar breytingar á henni a.m.k. 10 dögum áður en lögð eru á gjöld samkvæmt henni.

5. Ekkert í þessari reglugerð skal koma í veg fyrir að samningsríki sæki um endurgreiðslu fyrir kostnað sem fellur til vegna heilbrigðisráðstafana skv. 1. mgr. þessarar greinar:

- a) frá rekstraraðilum eða eigendum farartækja þegar um starfsmenn þeirra er að ræða eða
- b) frá viðeigandi vátryggjendum.

6. Aldrei skal neita að gefa ferðamanni eða rekstraraðila farartækis kost á að yfirgefa yfirráðasvæði samningsríkis fyrr en gjöld skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar hafa verið greidd.

41. gr. Gjöld fyrir farangur, farm, gáma, farartæki, vörur eða pósthöggla

1. Ef tekið er gjald fyrir heilbrigðisráðstafanir viðvíkjandi farangri, farmi, gámum, farartækjum, vörum eða pósthöggjum samkvæmt þessari reglugerð skal aðeins vera ein gjaldskrá í hverju samningsríki fyrir slík gjöld og gjöldin skulu:

- a) vera í samræmi við þá gjaldskrá,
- b) ekki vera hærri en raunkostnaður við þá þjónustu sem er veitt og
- c) lögð á án tillits til ríkisfangs, fána, skráningar eða eignarhalds á viðkomandi farangri, farmi, gámum, farartækjum, vörum eða pósthöggjum. Alls ekki skal gera greinarmun á innlendum og erlendum farangri, farmi, gámum, farartækjum, vörum eða pósthöggjum.

2. Birta skal gjaldskrána og allar breytingar á henni a.m.k. 10 dögum áður en lögð eru á gjöld samkvæmt henni.

VIII. HLUTI – ALMENN ÁKVÆÐI

42. gr. Framkvæmd heilbrigðisráðstafana

Hefja skal framkvæmd heilbrigðisráðstafana samkvæmt þessari reglugerð og ljúka við þær án tafar og þeim skal beitt á gagnsæjan hátt og án mismununar.

43. gr. Frekari heilbrigðisráðstafanir

1. Reglugerð þessi skal ekki koma í veg fyrir að samningsríki beiti heilbrigðisráðstöfunum, í samræmi við viðeigandi landslög og skuldbindingar samkvæmt þjóðarétti, í því skyni að bregðast við tilteknum hættum fyrir lýðheilsuna eða bráðum ógnum við lýðheilsuna sem varða þjóðir heims, enda séu þetta ráðstafanir:

- a) sem veita jafnmikla heilsuvernd og tilmæli Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar eða meiri eða
- b) sem eru bannaðar að öðru leyti skv. 25. gr., 26. gr., 1. og 2. mgr. 28. gr., c-lið 1. mgr. 30. gr., 31. gr. og 33. gr. Þessar ráðstafanir skulu ekki vera meira takmarkandi að því er varðar umferð milli landa og ekki inngrípsmeiri né nærgöngulli við einstaklinga en þeir valkostir sem eðlilegt er að gera ráð fyrir að séu í boði og myndu veita viðeigandi heilsuvernd.

2. Þegar samningsríki taka ákvörðun um hvort framkvæma eigi heilbrigðisráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eða frekari heilbrigðisráðstafanir skv. 2. mgr. 23. gr., 1. mgr. 27. gr., 2. mgr. 28. gr. og c-liður 2. mgr. 31. gr. skulu þau byggja ákvarðanir sínar á:

- a) vísindalegum meginreglum,

b) fyrirbyggjandi, vísindalegum gögnum um áhættu fyrir heilbrigði manna en á fyrirbyggjandi upplýsingum, þ.m.t. frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og öðrum viðeigandi milliríkjastofnunum og alþjóðastofnunum, ef þau gögn eru ekki nægileg og

c) öllum sértækum leiðbeiningum eða ráðleggingum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni sem í boði eru.

3. Samningsríki, sem framkvæmir þær viðbótarheilbrigðisráðstafanir, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og sem valda verulegri röskun á umferð milli landa, skal láta Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni í té lýðheilsurökin og viðeigandi, vísindalegar upplýsingar þar að lútandi. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal miðla þessum upplýsingum til annarra samningsríkja og einnig upplýsingum um þær heilbrigðisráðstafanir sem gripið hefur verið til. Að því er þessa grein varðar merkir veruleg röskun að jafnaði synjun um komu eða brottför fyrir ferðamenn, farangur, farm, gáma, farartæki, vörur o.þ.h. eða töf í meira en 24 klukkustundir.

4. Þegar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur metið upplýsingar, sem eru veittar skv. 3. og 5. mgr. þessarar greinar og aðrar viðeigandi upplýsingar, getur hún farið fram á að hlutaðeigandi samningsríki endurskoði beitingu þessarar ráðstafana.

5. Samningsríki, sem framkvæmir viðbótarheilbrigðisráðstafanirnar, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar og valda verulegri röskun á umferð milli landa, skal tilkynna Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um slíkar ráðstafanir innan 48 stunda frá því að þeim var hrint í framkvæmd, ásamt rökunum fyrir beitingu þeirra sem varða heilbrigði, nema þær falli undir tímabundin eða föst tilmæli.

6. Samningsríki, sem framkvæmir heilbrigðisráðstöfun skv. 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, skal endurskoða slíka ráðstöfun innan þriggja mánaða með hliðsjón af ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og viðmiðunum í 2. mgr. þessarar greinar.

7. Með fyrirvara um réttindi samningsríkis skv. 56. gr. getur hvert og eitt samningsríki, sem verður fyrir áhrifum frá ráðstöfun, sem gripið er til skv. 1. eða 2. mgr. þessarar greinar, óskað eftir því að samningsríkið, sem framkvæmir ráðstöfunina, hafi samráð við það. Markmiðið með slíku samráði er að skýra þær vísindalegu upplýsingar og lýðheilsurök sem liggja til grundvallar ráðstöfuninni og finna lausn sem báðir aðilar geta fallist á.

8. Ákvæði þessarar greinar geta tekið til framkvæmdar ráðstafana sem varða ferðamenn sem taka þátt í fjöldasamkomum.

44. gr. Samstarf og aðstoð

1. Samningsríki skulu skuldbinda sig til að hafa samvinnu hvert við annað í þeim mæli sem unnt er við:

a) greiningu og mat á atburðum og viðbrögð við þeim, eins og kveðið er á um í þessari reglugerð,

b) að tryggja eða stuðla að tæknisamvinnu og skipulagsaðstoð, einkum að því er varðar að þróa, styrkja og viðhalda þeim viðbúnaði á sviði lýðheilsu sem gerð er krafa um í þessari reglugerð,

c) að afla fjármagns til að greiða fyrir framkvæmd skuldbindinga sinna samkvæmt þessari reglugerð og

d) að semja lagafrumvörp og önnur laga- og stjórnsýsluákvæði til framkvæmdar þessari reglugerð.

2. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal hafa samvinnu við samningsríkin, berist henni beiðni þar að lútandi, í þeim mæli sem unnt er við:

- a) úttekt og mat á viðbúnaði þeirra á sviði lýðheilsu í þeim tilgangi að greiða fyrir skilvirkri framkvæmd þessarar reglugerðar,
- b) að tryggja eða stuðla að tæknisamvinnu og skipulagsaðstoð við samningsríkin og
- c) að afla fjármagns til að veita þróunarlöndum stuðning við að byggja upp, efla og viðhalda þeim viðbúnaði sem um getur í 1. viðauka.

3. Samstarf samkvæmt þessari grein getur farið fram eftir fjölmörgum leiðum, þ.m.t. tvíhliða samstarf, samstarf innan ramma svæðisbundinna neta og svæðisskrifstofa Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og samstarf innan ramma milliríkjastofnana og alþjóðastofnana.

45. gr. Meðferð gagna um einstaklinga

1. Heilbrigðisupplýsingar, sem samningsríki aftar eða fær samkvæmt þessari reglugerð frá öðru samningsríki eða frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og taka til persónugreinds eða persónugreinanlegs einstaklings, skulu vera trúnaðarmál og vinnsla þeirra skal vera undir nafnleynd eins og krafist er í landslögum ríkjanna.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er samningsríkjum heimilt að láta uppi og vinna gögn um einstaklinga ef það er nauðsynlegt í þeim tilgangi að meta og hafa stjórn á tiltekinni hættu fyrir lýðheilsuna en þó skulu samningsríkin, í samræmi við landslög sín, og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin sjá til þess að gögn um einstaklinga:

- a) séu unnin á sanngjarnan og löglegan hátt og ekki unnin frekar á þann hátt að fari í bága við þetta markmið,
- b) séu fullnægjandi, viðeigandi og ekki óþarflega ítarleg miðað við þetta markmið,
- c) séu nákvæm og ef þörf krefur sé þeim haldið uppfærðum; gera skal allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að gögnum, sem eru ónákvæm eða ófullnægjandi, verði eytt eða þau leiðrétt og
- d) séu ekki geymd lengur en þörf krefur.

3. Að fenginni beiðni skal Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, eftir því sem raunhæft er, láta viðkomandi einstaklingi í té gögnin um hann, sem um getur í þessari grein, í skiljanlegu formi og án óþarfa tafa eða kostnaðar og, ef þörf krefur, gefa kost á að þau verði leiðrétt.

46. gr. Flutningur og meðhöndlun lífrænna efna, prófefna og efna til greininga

Samningsríkin skulu, með fyrirvara um landslög og að teknu tilliti til viðeigandi alþjóðlegra viðmiðunarreglna, greiða fyrir flutningi, komu inn í land, brottför úr landi, vinnslu og förgun á lífrænum efnum og sýnum til greiningar og prófefnum og öðrum greiningarefnum sem nota á til staðfestingar og til viðbragða á sviði lýðheilsu samkvæmt þessari reglugerð.

IX. HLUTI – SÉRFRÆÐINGASKRÁ ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISREGLUGERÐARINNAR, BRÁÐANEFNDIN OG ENDURSKOÐUNARNEFNDIN

I. kafli – Sérfræðingaskrá alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar

47. gr. Samsetning

Aðalframkvæmdastjórinn skal taka saman skrá yfir sérfræðinga á öllum viðeigandi sérfræðisviðum (hér á eftir kölluð „sérfræðingaskrá alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar“). Aðalframkvæmdastjórinn skal tilnefna sérfræðinga á sérfræðingaskrá alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar í samræmi við reglugerðir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um ráðgjafarhópa og -nefndir sérfræðinga (hér á eftir kallaðar „reglugerðir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um ráðgjafarhópa“) nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð. Að auki skal aðalframkvæmdastjórinn tilnefna einn sérfræðing á skrána fyrir hvert samningsríki, að beiðni þeirra, og einnig sérfræðinga, ef við á, sem viðeigandi milliríkjastofnanir og svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu gera tillögur um. Áhugasöm samningsríki skulu tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um menntun, hæfi og sérfræðisvið allra sérfræðinga sem þeir leggja til að verði á skránni. Aðalframkvæmdastjórinn skal reglulega tilkynna samningsríkjunum og viðeigandi milliríkjastofnunum og svæðisstofnunum um efnahagssamvinnu um samsetningu sérfræðingaskrár alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar.

II. kafli – Bráðanefndin

48. gr. Starfsskyldur og skipan

1. Aðalframkvæmdastjórinn skal koma á fót bráðanefnd sem að beiðni hans skal láta álit sitt í ljós varðandi:
 - a) það hvort tiltekinn atburður sé bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims,
 - b) það hvort tiltekin bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims sé liðin hjá og
 - c) tillögur að útgáfu tímabundinna tilmæla eða að breytingum, framlengingu eða niðurfellingu þeirra.
2. Bráðanefndin skal skipuð sérfræðingum sem aðalframkvæmdastjórinn velur af sérfræðingaskrá alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar en úr öðrum sérfræðilegum ráðgjafarhópum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar þegar það á við. Aðalframkvæmdastjórinn skal ákveða lengd skipunartíma til að tryggja að honum ljúki ekki í miðri umfjöllun um tiltekinn atburð og afleiðingar hans. Aðalframkvæmdastjórinn skal velja nefndarmenn bráðanefndarinnar með hliðsjón af þeirri sérfræðikunnáttu og reynslu sem er nauðsynleg á fundum nefndarinnar hverju sinni og með tilhlýðilegu tilliti til meginreglunnar um jafna, landfræðilega dreifingu fulltrúa. Í bráðanefndinni skal a.m.k. einn nefndarmanna vera sérfræðingur sem er tilnefndur af samningsríkinu þar sem atburðurinn á sér stað.
3. Aðalframkvæmdastjóranum er heimilt, að eigin frumkvæði eða að beiðni bráðanefndarinnar, að skipa einn eða fleiri sérfræðinga í tæknimálum sem verði nefndinni til ráðgjafar.

49. gr. Málsmeðferð

1. Aðalframkvæmdastjórinn skal boða fundi í bráðanefndinni með því að velja nokkra sérfræðinga úr hópi þeirra sem um getur í 2. mgr. 48. gr. eftir þeim sérfræðisviðum og reynslu sem vega þyngst í sambandi við þann tiltekna atburð sem á sér stað. Að því er varðar ákvæði þessarar greinar geta „fundir“ bráðanefndarinnar tekið til fjarfunda, myndfunda eða rafrænna samskipta.

2. Aðalframkvæmdastjórinn skal láta bráðanefndinni í té dagskrá og allar viðeigandi upplýsingar sem varða atburðinn, þ.m.t. upplýsingar frá samningsríkjunum sem og öll tímabundin tilmæli sem aðalframkvæmdastjórinn leggur til að verði gefin út.
3. Bráðanefndin velur sér formann og semur stutta yfirlitsskýrslu í kjölfar hvers fundar um störf og umræður á fundinum, þ.m.t. ráðleggingar um hugsanleg tilmæli.
4. Aðalframkvæmdastjórinn býður samningsríkinu, þar sem atburðurinn á sér stað, að kynna sjónarmið sín fyrir bráðanefndinni. Með það fyrir augum tilkynnir aðalframkvæmdastjórinn samningsríkinu með nauðsynlegum fyrirvara um dagsetningar og dagskrá fundar bráðanefndarinnar. Hlutaðeigandi samningsríki getur þó ekki óskað eftir því að fundi bráðanefndarinnar verði frestað til að það geti gert nefndinni grein fyrir sjónarmiðum sínum.
5. Álit bráðanefndarinnar skal framsent til aðalframkvæmdastjórans til umfjöllunar. Aðalframkvæmdastjórinn tekur lokaákvörðun í viðkomandi málum.
6. Aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna samningsríkjunum um að náurskurðað hafi verið að upp hafi komið bráð ógn við lýðheilsuna sem varði þjóðir heims, eða að slík bráð ógn við lýðheilsuna sé liðin hjá, um allar heilbrigðisráðstafanir sem viðkomandi samningsríki hefur gripið til, um öll tímabundin tilmæli og um breytingar á slíkum tilmælum, framlengingu þeirra eða niðurfellingu, ásamt álitsskýrslum bráðanefndarinnar. Aðalframkvæmdastjórinn tilkynnir rekstraraðilum farartækja, með milligöngu samningsríkjanna, og viðeigandi alþjóðastofnunum um slík tímabundin tilmæli, þ.á.m. um breytingu, framlengingu eða niðurfellingu þeirra. Aðalframkvæmdastjórinn skal í framhaldi af því gera þessar upplýsingar og tilmæli opinber.
7. Samningsríki, þar sem atburðurinn átti sér stað, geta lagt tillögu fyrir aðalframkvæmdastjóranum um að hann felli úr gildi yfirlýsinguna um bráða ógn við lýðheilsuna sem varði þjóðir heims og/eða tímabundnu tilmælin og geta lagt greinargerð fyrir bráðanefndina þess efnis.

III. kafli – Endurskoðunarnefndin

50. gr. Starfsskyldur og skipan

1. Aðalframkvæmdastjórinn skal koma á fót endurskoðunarnefnd sem skal annast eftirfarandi aðgerðir:
 - a) leggja tæknileg tilmæli um breytingar á þessari reglugerð fyrir aðalframkvæmdastjóranum,
 - b) veita aðalframkvæmdastjóranum tæknilegar ráðleggingar er varða föst tilmæli og breytingar á þeim eða niðurfellingu þeirra,
 - c) veita aðalframkvæmdastjóranum tæknilegar ráðleggingar í öllum málum sem hann vísar til nefndarinnar og varða framkvæmd þessarar reglugerðar.
2. Litið skal á endurskoðunarnefndina sem sérfræðinganefnd og hún fellur undir reglugerðir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um ráðgjafarhópa nema kveðið sé á um annað í þessari grein.

3. Aðalframkvæmdastjórinn velur og skipar sérfræðinga í endurskoðunarnefndina af sérfræðingaskrá alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar en úr öðrum sérfræðilegum ráðgjafarhópum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar þegar það á við.
4. Aðalframkvæmdastjórinn ákveður hve margir nefndarmenn skuli boða á fundi endurskoðunarnefndarinnar hverju sinni og dagsetningu og lengd fundarins og hann kallar saman nefndina.
5. Aðalframkvæmdastjórinn skal einungis skipa nefndarmenn í endurskoðunarnefndina til starfa í þann tíma sem viðkomandi fundur varir.
6. Aðalframkvæmdastjórinn skal velja í endurskoðunarnefndina á grundvelli meginreglnanna um jafna, landfræðilega dreifingu fulltrúa, jafnt hlutfall kynjanna, um jafnt hlutfall sérfræðinga frá þróuðum löndum og þróunarlöndum, um fulltrúa ólíkra, vísindalegra skoðana, aðferða og reynslu í ýmsum heimshlutum og um hæfilegt jafnvægi milli fagsviða.

51. gr. Nefndarstörf

1. Ákvarðanir endurskoðunarnefndarinnar skulu teknar með atkvæðum meirihluta viðstaddra nefndarmanna.
2. Aðalframkvæmdastjórinn skal bjóða aðildarríkjunum, Sameinuðu þjóðunum og sérstofnunum þeirra og öðrum viðeigandi milliríkjastofnunum eða frjálsum félagasamtökum, sem hafa opinber tengsl við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, að tilnefna fulltrúa sem verði viðstaddir fundi nefndarinnar. Þessir fulltrúar geta lagt fram greinargerðir og, ef formaður samþykkir það, gefið yfirlýsingar um umræðuefnin. Þeir hafa ekki atkvæðisrétt.

52. gr. Skýrslur

1. Endurskoðunarnefndin skal semja skýrslu eftir hvern fund þar sem fram koma álit og ráðleggingar nefndarinnar. Endurskoðunarnefndin skal samþykkja skýrsluna fyrir lok fundarins. Álit hennar og ráðleggingar skuldbinda ekki Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina og skulu settar fram sem ráðleggingar til aðalframkvæmdastjórans. Ekki er heimilt að breyta texta skýrslunnar án samþykkis nefndarinnar.
2. Komist endurskoðunarnefndin ekki að samhljóða niðurstöðu skal hver nefndarmaður hafa rétt til að leggja fram faglegt sérálit sitt í sérskýrslu eða sameiginlegri skýrslu þar sem fram komi ástæður skoðanaágreiningsins og skal sú skýrslu vera hluti af skýrslu nefndarinnar.
3. Skýrsla endurskoðunarnefndarinnar skal lögð fyrir aðalframkvæmdastjóran sem kemur álit hennar og ráðleggingum á framfæri við heilbrigðisþingið eða framkvæmdanefndina til að þeir aðilar getið fjallað um hana og gripið til aðgerða.

53. gr. Málsmeðferðarreglur vegna fastra tilmæla

Ef aðalframkvæmdastjórinn telur að nauðsynlegt og viðeigandi sé að gefa út föst tilmæli um tiltekna hættu fyrir lýðheilsuna skal hann óska eftir álit endurskoðunarnefndarinnar. Eftirfarandi ákvæði gilda auk ákvæða viðeigandi málsgreina 50.–52. gr.:

- a) Aðalframkvæmdastjóra, eða samningsríkjum með milligöngu aðalframkvæmdastjórans, er heimilt að leggja tillögur að föstum tilmælum, breytingu þeirra eða niðurfellingu fyrir endurskoðunarnefndina.

- b) Hverju samningsríki er heimilt að leggja fram viðeigandi upplýsingar til umfjöllunar hjá endurskoðunarnefndinni.
- c) Aðalframkvæmdastjóranum er heimilt, að beiðni samningsríkis, milliríkjastofnunar eða frjálsra félagasamtaka, sem hafa opinber tengsl við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, að láta endurskoðunarnefndinni í té upplýsingar sem hann hefur og varða efni tillagna að föstum tilmælum eins og endurskoðunarnefndin hefur tilgreint.
- d) Aðalframkvæmdastjóranum er heimilt, að beiðni endurskoðunarnefndarinnar eða að eigin frumkvæði, að skipa einn eða fleiri tæknisérfræðinga til að vera endurskoðunarnefndinni til ráðgjafar. Þeir skulu ekki hafa atkvæðisrétt.
- e) Allar skýrslur, sem innihalda álit og ráðleggingar endurskoðunarnefndarinnar varðandi föst tilmæli, skulu framsendar til aðalframkvæmdastjórans til umfjöllunar og ákvörðunar. Aðalframkvæmdastjórinn skal koma álit og ráðleggingum endurskoðunarnefndarinnar á framfæri við heilbrigðisþingið.
- f) Aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna samningsríkjunum um öll föst tilmæli sem og um breytingar og niðurfellingu á slíkum tilmælum ásamt álit endurskoðunarnefndarinnar.
- g) Aðalframkvæmdastjórinn skal leggja föst tilmæli fyrir næsta heilbrigðisþing til umfjöllunar.

X. HLUTI – LOKAÁKVÆÐI

54. gr. Skýrslugjöf og endurskoðun

1. Samningsríkin og aðalframkvæmdastjórinn skulu skýra heilbrigðisþinginu frá framkvæmd þessarar reglugerðar eins og heilbrigðisþingið hefur ákveðið.
2. Heilbrigðisþingið skal endurskoða framkvæmd þessarar reglugerðar með reglubundnum hætti. Af því tilefni er þinginu heimilt að óska ráðgjafar endurskoðunarnefndarinnar með milligöngu aðalframkvæmdastjórans. Fyrsta endurskoðunin af þessu tagi skal fara fram innan fimm ára frá því að reglugerð þessi öðlast gildi.
3. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal láta fara fram rannsóknir með reglubundnum hætti til að endurskoða og meta hvernig 2. viðauki reynist í framkvæmd. Fyrsta endurskoðunin af þessu tagi skal hefjast innan eins árs frá því að reglugerð þessi öðlast gildi. Leggja skal niðurstöður slíkar endurskoðunar fyrir heilbrigðisþingið til umfjöllunar eins og við á.

55.gr. Breytingar

1. Hvert samningsríki eða aðalframkvæmdastjórinn geta lagt til breytingar á þessari reglugerð. Þessar breytingatillögur skulu lagðar fyrir heilbrigðisþingið til umfjöllunar.
2. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda öllum samningsríkjunum texta sérhverrar tillögu að breytingum a.m.k. fjórum mánuðum fyrir heilbrigðisþingið sem fjallar um tillöguna.

3. Breytingar á þessari reglugerð, sem heilbrigðisþingið samþykkir samkvæmt þessari grein, skulu öðlast gildi, að því er varðar öll samningsríki, með sömu skilmálum og með fyrirvara um sömu réttindi og skyldur og kveðið er á um í 22. gr. stofnskrár Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og 59–64. gr. þessarar reglugerðar.

56. gr. Lausn deilumála

1. Komi upp deila milli tveggja eða fleiri samningsríkja um túlkun eða beitingu þessarar reglugerðar skulu hlutaðeigandi samningsríki í fyrstu leitast við að leysa hana með samningaviðræðum eða öðrum friðsamlegum hætti að eigin vali, þ.m.t. sáttumleitanir. Þótt deiluaðilar komist ekki að samkomulagi er þeim skylt að halda áfram að leita leiða til lausnar deilunni.

2. Takist ekki að leysa deiluna með þeim aðferðum, sem lýst er í 1. mgr. þessarar greinar, geta hlutaðeigandi samningsríki komið sér saman um að vísa deilunni til aðalframkvæmdastjórans sem skal þá gera sitt ítrasta til að leysa hana.

3. Samningsríki getur hvenær sem er sent aðalframkvæmdastjóranum skriflega yfirlýsingu þar sem það skuldbindur sig til að leggja í gerð allar deilur sem það er aðili að og varða túlkun eða beitingu þessarar reglugerðar eða deilur við annað samningsríki sem gengst undir sömu skuldbindingu. Gerðin skal framkvæmd í samræmi við þær valkvæðu reglur Alþjóðagerðardómsins um lausn deilumála tveggja ríkja sem í gildi eru á þeim tíma þegar óskað er eftir gerðardómsmeðferð. Samningsríki, sem hafa skuldbundið sig til að leggja deilur í gerð, skulu viðurkenna gerðardómsúrskurð sem bindandi og endanlegan. Aðalframkvæmdastjórinn skal veita heilbrigðisþinginu upplýsingar um slíkar aðgerðir eins og við á.

4. Ekkert í þessari reglugerð skal skerða réttindi samningsríkja samkvæmt öðrum alþjóðasamningum, sem þau kunna að vera aðilar að, til að nýta sér þá tilhögun við lausn deilumála sem aðrar milliríkjastofnanir beita eða hefur verið ákveðin samkvæmt alþjóðasamningi.

5. Komi upp deila milli Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og eins eða fleiri samningsríkja um túlkun eða beitingu þessarar reglugerðar skal málinu vísað til heilbrigðisþingsins.

57. gr. Tengsl við aðra alþjóðasamninga

1. Samningsríkin viðurkenna að túlka beri alþjóðaheilbrigðisreglugerðina og aðra viðeigandi alþjóðasamninga með þeim hætti að þau séu samrýmanleg. Ákvæði alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar skulu ekki hafa áhrif á réttindi eða skyldur samningsríkja sem leiðir af öðrum alþjóðasamningum.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. þessarar greinar skal ekkert í þessari reglugerð koma í veg fyrir að samningsríki, sem hafa ákveðinna, sameiginlegra hagsmuna að gæta vegna heilbrigðisskilyrða eða landfræðilegra, félagslegra eða efnahagslegra skilyrða í ríkjum sínum, geri með sér sérsamninga eða sérsamkomulag til að greiða fyrir beitingu þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar:

- a) bein og hröð skipti á lýðheilsuupplýsingum milli aðliggjandi yfirráðasvæða mismunandi ríkja,
- b) heilbrigðisráðstafanir sem beita á gagnvart millilandaumferð undan ströndum og millilandaumferð á hafsvæðum í lögsögu þeirra,
- c) heilbrigðisráðstafanir sem ætlunin er að beita á sameiginlegum landamærum á samliggjandi landsvæðum tveggja eða fleiri ríkja,

d) tilhögun á flutningi einstaklinga eða líkamsleifa einstaklinga, sem hafa orðið fyrir áhrifum, með farartækjum sem eru útbúin sérstaklega til slíkra flutninga og

e) rottueyðingu, skordýraeyðingu, sóttthreinsun, afmengun eða aðra meðhöndlun sem á að fjarlægja sjúkdómsvalda af framleiðsluvörum.

3. Samningsríki, sem eru aðilar að svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, skulu í innbyrðis samskiptum sínum beita þeim sameiginlegu reglum sem í gildi eru í viðkomandi svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sbr. þó skyldur þeirra samkvæmt þessari reglugerð.

58. gr. Alþjóðaheilbrigðissamningar og -reglugerðir

1. Þessi reglugerð skal, með fyrirvara um ákvæði 62. gr. og undantekningarnar sem kveðið er á um hér á eftir, koma í staðinn fyrir ákvæði eftirfarandi alþjóðaheilbrigðissamninga og -reglugerða milli ríkja sem eru bundin af þessari reglugerð og milli þessara ríkja og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar:

a) alþjóðaheilbrigðissamningsins (International Sanitary Convention) sem var undirritaður í París 21. júní 1926,

b) alþjóðaheilbrigðissamningsins fyrir flug (International Sanitary Convention for Aerial Navigation) sem var undirritaður í Haag 12. apríl 1933,

c) alþjóðasamningsins um að krefjast ekki heilbrigðisvottorðs (International Agreement for dispensing with Bills of Health) sem var undirritaður í París 22. desember 1934,

d) alþjóðasamningsins um að krefjast ekki vegabréfsáritunar ræðismanns um heilbrigðisvottorð (International Agreement for dispensing with Consular Visas on Bills of Health) sem var undirritaður í París 22. desember 1934,

e) samningsins um breytingu á alþjóðaheilbrigðissamningnum frá 21. júní 1926 (Convention modifying the International Sanitary Convention of 21 June 1926) sem var undirritaður í París 31. október 1938,

f) alþjóðaheilbrigðissamningsins frá 1944 um breytingu á alþjóðaheilbrigðissamningnum frá 21. júní 1926 (International Sanitary Convention, 1944, modifying the International Sanitary Convention of 21 June 1926) sem var lagður fram til undirritunar í Washington 15. desember 1944,

g) alþjóðaheilbrigðissamningsins fyrir flug frá 1944 um breytingu á alþjóðaheilbrigðissamningnum frá 12. apríl 1933 (International Sanitary Convention, 1944, modifying the International Sanitary Convention of 12 April 1933) sem var lagður fram til undirritunar í Washington 15. desember 1944,

h) bókunar frá 23. apríl 1946, sem var undirrituð í Washington, um framlengingu alþjóðaheilbrigðissamningsins frá 1944,

i) bókunar frá 23. apríl 1946, sem var undirrituð í Washington, um framlengingu alþjóðaheilbrigðissamningsins um flug frá 1944,

j) alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar frá 1951 og viðbótarreglugerðanna frá 1955, 1956, 1960, 1963 og 1965 og

k) alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar frá 1969 og breytinganna frá 1973 og 1981.

2. Heilbrigðisreglur Norður-, Mið- og Suður-Ameríku, sem voru undirritaðar í Havana 14. nóvember 1924, gilda áfram að undanskildum eftirfarandi greinum: 2., 9., 10., 11. gr., 16. til og með 53. gr., og 61. og 62. gr. en um þær gildir viðeigandi hluti 1. mgr. þessarar greinar.

59. gr. Gildistaka og frestur til að hafna eða gera fyrirvara

1. Fresturinn, sem kveðið er á um í 22. gr. stofnskrár Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, til að hafna eða gera fyrirvara við þessa reglugerð eða breytingar á henni skal vera 18 mánuðir frá dagsetningu tilkynningar frá aðalframkvæmdastjóranum um að heilbrigðisþingið hafi samþykkt þessa reglugerð eða breytingu á henni. Höfnun eða fyrirvari, sem berast aðalframkvæmdastjóranum að loknum þeim fresti, hefur engin áhrif.
2. Þessi reglugerð öðlast gildi 24 mánuðum eftir dagsetningu tilkynningarinnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar nema að því er varðar:
 - a) ríki sem hefur hafnað þessari reglugerð eða breytingu á henni í samræmi við 61. gr.,
 - b) ríki sem hefur gert fyrirvara en reglugerðin öðlast gildi að því er varðar það ríki á þann hátt sem kveðið er á um í 61. gr.,
 - c) ríki sem gerist aðili að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni eftir dagsetningu tilkynningarinnar frá aðalframkvæmdastjóranum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, og er ekki þegar orðið aðili að þessari reglugerð en reglugerðin öðlast gildi að því er varðar það ríki á þann hátt sem kveðið er á um í 60. gr. og
 - d) ríki sem er ekki aðili að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og samþykkir þessa reglugerð en hún öðlast gildi að því er varðar það ríki í samræmi við 1. mgr. 64. gr.
3. Sé tiltekið ríki ekki fært um að aðlaga laga- og stjórnsýsluákvæði sín til fulls að þessari reglugerð innan þess frests sem settur er fram í 2. mgr. þessarar greinar skal það ríki leggja yfirlýsingu fyrir aðalframkvæmdastjóranum innan þess frests sem tilgreindur er í 1. mgr. þessarar greinar varðandi þau atriði sem eftir er að aðlaga og ljúka þeirri aðlögun eigi síðar en 12 mánuðum eftir að þessi reglugerð öðlast gildi að því er varðar það samningsríki.

60. gr. Ný aðildarríki Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar

Ríki, sem gerist aðili að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni eftir dagsetningu tilkynningarinnar frá aðalframkvæmdastjóranum, sem um getur í 1. mgr. 59. gr. og er ekki þegar orðið aðili að þessari reglugerð, getur tilkynnt að það hafni reglugerðinni eða geri fyrirvara við hana innan tólf mánaða frests frá dagsetningu tilkynningarinnar sem aðalframkvæmdastjórinn sendir því eftir að það er orðið aðili að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Sé reglugerðinni ekki hafnað öðlast hún gildi að því er varðar það ríki í lok frestsins, sbr. þó ákvæði 62. og 63. gr. Reglugerðin skal þó í engu tilviki öðlast gildi að því er varðar þetta ríki fyrr en að liðnum 24 mánuðum frá dagsetningu tilkynningarinnar sem um getur í 1. mgr. 59. gr.

61. gr. Höfnun

Tilkynni ríki aðalframkvæmdastjóranum að það hafni þessari reglugerð eða breytingu á henni innan frestsins sem kveðið er á um í 1. mgr. 59. gr. öðlast reglugerðin eða viðkomandi breyting ekki gildi að því er varðar það ríki. Alþjóðaheilbrigðissamningar eða -reglugerðir, sem eru tilgreind í 58. gr. og sem slíkt ríki er þegar aðili að, gilda áfram að því er slíkt ríki varðar.

62. gr. Fyrirvarar

1. Hvert ríki getur gert fyrirvara við þessa reglugerð í samræmi við þessa grein. Þessir fyrirvarar skulu ekki vera ósamrýmanlegir markmiði og tilgangi þessarar reglugerðar.
2. Fyrirvarar við þessa reglugerð skulu tilkynntir aðalframkvæmdastjóranum í samræmi við 1. mgr. 59. gr., 60. gr., 1. mgr. 63. gr. eða 1. mgr. 64 gr. eftir atvikum. Ríki, sem er ekki aðili að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, skal tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um alla fyrirvara sína um leið og það tilkynnir honum að það samþykki þessa reglugerð. Geri ríki fyrirvara skulu þau greina aðalframkvæmdastjóranum frá því hvaða ástæður liggja að baki slíkum fyrirvara.
3. Ef hluta þessarar reglugerðar er hafnað er litið á það sem fyrirvara.
4. Aðalframkvæmdastjórinn skal, í samræmi við 2. mgr. 65. gr., gefa út tilkynningu um sérhvern fyrirvara sem honum berst skv. 2. mgr. þessarar greinar. Aðalframkvæmdastjórinn skal:
 - a) hafi fyrirvarinn verið gerður fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, fara þess á leit við aðildarríkin, sem ekki höfnuðu reglugerðinni, að þau tilkynni honum um andmæli sín gegn fyrirvaranum innan sex mánaða eða
 - b) hafi fyrirvarinn verið gerður eftir gildistöku þessarar reglugerðar, fara þess á leit við samningsríkin að þau tilkynni honum um andmæli sín við fyrirvaranum innan sex mánaða.

Andmæli ríki fyrirvara skulu þau greina aðalframkvæmdastjóranum frá ástæðum andmælanna.

5. Að þessum fresti liðnum skal aðalframkvæmdastjórinn tilkynna öllum samningsríkjum um andmælin sem honum hafa borist gegn fyrirvörnum. Hafi þriðjungur ríkjanna, sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, ekki andmælt fyrirvara fyrir lok sex mánaða frests frá dagsetningu tilkynningarinnar, sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, skal litið svo á að fyrirvarinn hafi verið samþykktur og þessi reglugerð öðlast þá gildi að því er varðar ríkið sem gerði fyrirvarann, að undanskildum þeim ákvæðum sem fyrirvarinn tekur til.
6. Ef a.m.k. þriðjungur ríkjanna, sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, andmælir fyrirvaranum áður en liðnir eru sex mánuðir frá dagsetningu tilkynningarinnar, sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, skal aðalframkvæmdastjórinn tilkynna ríkinu, sem gerði fyrirvarann, um andmælin með það fyrir augum að ríkið íhugi þann möguleika að draga fyrirvarann til baka innan þriggja mánaða frá dagsetningu tilkynningarinnar sem aðalframkvæmdastjórinn sendi því.
7. Ríkið, sem gerði fyrirvarann, skal halda áfram að uppfylla allar þær skyldur sem svara til efnis fyrirvarans og sem ríkið hefur samþykkt samkvæmt einhverjum alþjóðaheilbrigðissamninganna eða -reglugerðanna sem tilgreind eru í 58. gr.
8. Ef ríkið, sem gerði fyrirvarann, dregur fyrirvarann ekki til baka innan þriggja mánaða frá dagsetningu tilkynningarinnar frá aðalframkvæmdastjóranum sem um getur í 6. mgr. þessarar greinar skal aðalframkvæmdastjórinn óska álit endurskoðunarnefndarinnar fari ríkið, sem gerði fyrirvarann, þess á leit. Endurskoðunarnefndin skal upplýsa aðalframkvæmdastjóranum um afleiðingar fyrirvarans á rekstur þessarar reglugerðar eins fljótt og unnt er og í samræmi við 50. gr.
9. Aðalframkvæmdastjórinn leggur fyrirvarann og álit endurskoðunarnefndarinnar, ef við á, fyrir heilbrigðisþingið til umfjöllunar. Andmæli heilbrigðisþingið fyrirvaranum með meirihluta atkvæða á þeim forsendum að hann samrýmist ekki markmiði og tilgangi þessarar reglugerðar skal fyrirvarinn ekki samþykktur og þessi reglugerð öðlast ekki gildi að því er varðar ríkið, sem gerði fyrirvarann,

fyrir en það hefur dregið fyrirvarann til baka skv. 63. gr. Samþykki heilbrigðisþingið fyrirvarann öðlast þessi reglugerð gildi að því er varðar ríkið sem gerði fyrirvarann, að undanskildum þeim ákvæðum sem fyrirvarinn tekur til.

63. gr. Höfnun og fyrirvari dregin til baka

1. Ríki geta ávallt dregið höfnun skv. 61 gr. til baka með því að tilkynna það til aðalframkvæmdastjórans. Þegar svo er öðlast þessi reglugerð gildi að því er varðar það ríki þegar tilkynningin berst aðalframkvæmdastjóranum nema ríkið geri fyrirvara um leið og það dregur höfnunina til baka en þá öðlast reglugerðin gildi á þann hátt sem kveðið er á um í 62. gr. Reglugerðin skal þó í engu tilviki öðlast gildi að því er varðar þetta ríki fyrir en að liðnum 24 mánuðum frá dagsetningu tilkynningarinnar sem um getur í 1. mgr. 59. gr.

2. Hlutaðeigandi samningsríki getur hvenær sem er dregið fyrirvara til baka, í heild eða að hluta, með tilkynningu þess efnis til aðalframkvæmdastjórans. Þegar svo er öðlast afturköllunin gildi frá þeim degi sem tilkynningin berst aðalframkvæmdastjóranum.

64. gr. Ríki sem eru ekki aðilar að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni

1. Ríki, sem er ekki aðili að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni en er aðili að einhverjum alþjóðaheilbrigðissamninganna eða -reglugerðanna, sem tilgreind eru í 58 gr., eða hefur fengið tilkynningu frá aðalframkvæmdastjóranum þess efnis að alþjóðaheilbrigðisþingið hafi samþykkt þessa reglugerð, getur gerst aðili að reglugerðinni með því að tilkynna aðalframkvæmdastjóranum að það samþykki hana og skal slíkt samþykki taka gildi daginn sem reglugerð þessi öðlast gildi eða, ef slíkt samþykki er tilkynnt eftir þann dag, þremur mánuðum eftir að tilkynningin um samþykki berst aðalframkvæmdastjóranum, sbr. þó ákvæði 62. gr.

2. Ríki, sem er ekki aðili að Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni en hefur gerst aðili að þessari reglugerð, getur hvenær sem er dregið aðild sína að þessari reglugerð til baka með því að senda tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans sem öðlast gildi þegar liðnir eru sex mánuðir frá því að hún berst aðalframkvæmdastjóranum. Ríkið, sem hefur dregið aðild sína til baka, skal frá og með þeim degi hefja á ný beitingu ákvæða þeirra alþjóðaheilbrigðissamninga eða -reglugerða sem tilgreind eru í 58. gr. og það var áður aðili að.

65. gr. Tilkynningar frá aðalframkvæmdastjóranum

1. Þegar heilbrigðisþingið samþykkir þessa reglugerð skal aðalframkvæmdastjórinn tilkynna það öllum ríkjum sem eru aðilar eða samstarfsaðilar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og einnig öðrum sem eru aðilar að alþjóðaheilbrigðissamningi eða -reglugerð sem tilgreind er í 58. gr.

2. Aðalframkvæmdastjórinn skal einnig tilkynna þessum ríkjum, sem og öðrum ríkjum sem hafa gerst aðilar að þessari reglugerð eða breytingu að þessari reglugerð, um allar tilkynningar sem berast Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni skv. 60.—64. gr., eftir atvikum, sem og um allar ákvarðanir sem heilbrigðisþingið tekur skv. 62. gr.

66. gr. Jafngildir textar

1. Textar þessarar reglugerðar á arabísku, kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spænsku eru jafngildir. Upprunalegir textar þessarar reglugerðar skulu afhentir Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni til vörslu.

2. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda staðfest endurrit þessarar reglugerðar ásamt tilkynningunni, sem kveðið er á um í 1. mgr. 59. gr., til allra aðila og samstarfsaðila og einnig til annarra sem eru aðilar að alþjóðaheilbrigðissamningi eða -reglugerð sem er tilgreind í 58. gr.

3. Við gildistöku þessarar reglugerðar skal aðalframkvæmdastjórinn afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna staðfest afrit af henni til skráningar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

1. VIÐAUKI

A. KRÖFUR UM GRUNNVIÐBÚNAÐ TIL VÖKTUNAR OG VIÐBRAGÐA

1. Samningsríkin skulu nýta sér fyrirbyggjandi, innlend grunnvirki og tilföng til að uppfylla þær kröfur um grunnviðbúnað sem gerðar eru til þeirra í þessari reglugerð, þ.m.t. að því er varðar:

- a) aðgerðir þeirra sem lúta að vöktun, skýrslugjöf, tilkynningu, staðfestingu, viðbrögðum og samstarfi og
- b) aðgerðir þeirra sem varða tilgreinda flugvelli, hafnir og landamærastöðvar fyrir umferð á landi.

2. Hvert samningsríki skal, innan tveggja ára frá því að þessi reglugerð öðlast gildi að því er varðar það samningsríki, meta getu fyrirbyggjandi, innlendra grunnvirkja og tilfanga til að uppfylla lágmarkskröfurnar sem lýst er í þessum viðauka. Í framhaldi af þessu mati skulu samningsríkin móta aðgerðaáætlanir og hrinda þeim í framkvæmd til að tryggja að þessi grunnviðbúnaður sé fyrir hendi og sé virkur á yfirráðasvæðum þeirra eins og sett er fram í 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 13. gr.

3. Samningsríkin og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skulu styrkja mats-, áætlunar- og framkvæmdarvinnu samkvæmt þessum viðauka.

4. Á sveitarfélagsstigi og/eða á fyrsta viðbragðsstigi á sviði lýðheilsu

Viðbúnaður:

- a) til að greina atburði, hvar sem þeir verða á yfirráðasvæði samningsríkisins, sem hafa í för með sér fleiri sjúkdómstilvik eða dauðsföll en eðlilegt er að gera ráð fyrir á þeim tíma og stað sem um er að ræða og
- b) til að veita aðilum á viðeigandi viðbragðsstigi á sviði heilsugæslu allar fyrirbyggjandi og nauðsynlegar upplýsingar. Á sveitarfélagsstigi skal gefa skýrslu til heilsugæslustofnana sveitarfélags á viðkomandi stað eða til viðeigandi heilbrigðisstarfsfólks. Á fyrsta viðbragðsstigi á sviði lýðheilsu skal gefa skýrslu til milliviðbragðsstigs eða landsviðbragðsstigs, eftir því hvernig þessi kerfi eru skipulögð. Að því er þennan viðauka varðar eru nauðsynlegar upplýsingar: klínísk lýsing, niðurstöður rannsóknarstofa, uppsprettur og tegund hættu, fjöldi sjúkdómstilvika og dauðsfalla hjá mönnum, aðstæður sem hafa áhrif á útbreiðslu sjúkdómsins og þær heilbrigðisráðstafanir sem gerðar eru og
- c) til að grípa til sóttvarnarráðstafana þegar í stað.

5. Á milliviðbragðsstigi á sviði lýðheilsu

Viðbúnaður:

- a) til að staðfesta ástandið með tilliti til þeirra atburða sem skýrt var frá og til að styðja eða framkvæma frekari sóttvarnarráðstafanir og
- b) til að meta þegar í stað þá atburði sem skýrt var frá og til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar á landsstigi komi í ljós að um bráðatilvik er að ræða. Að því er þennan viðauka varðar eru alvarleg lýðheilsuáhrif og/eða tilvik, sem eru af óvenjulegum eða óvæntum toga og mjög líkleg til að breiðast út, þær viðmiðanir sem skera úr um hvort um bráðatilvik sé að ræða.

6. Á landsstigi

Mat og tilkynning. Viðbúnaður:

- a) til að meta og skýra frá öllum bráðatilvikum innan 48 klukkustunda og
- b) til að tilkynna það tafarlaust til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, með milligöngu viðkomandi landstengiliðar fyrir alþjóðaheilbrigðisreglugerðina, ef matið bendir til þess að atburðurinn sé tilkynningarskyldur skv. 1. mgr. 6. gr. og 2. viðauka, og til að veita Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni upplýsingar eins og krafist er skv. 7. gr. og 2. mgr. 9. gr.

Viðbrögð á sviði lýðheilsu. Viðbúnaður:

- a) til að ákvarða skjótt hvaða sóttvarnarráðstafanir þurfi að gera til að koma í veg fyrir útbreiðslu innanlands og milli landa,
- b) til að veita stuðning með því að útvega sérhæft starfsfólk, annast greiningu sýna á rannsóknarstofu (innanlands eða á samstarfsmiðstöðvum) og veita skipulagsaðstoð (t.d. búnaður, birgðir, flutningar),
- c) til að veita aðstoð á vettvangi eftir því sem þörf er á til viðbótar staðbundnum rannsóknum,
- d) til að koma á beinni aðgerðatengingu við háttsetta embættismenn í heilbrigðisgeiranum og aðra embættismenn til að unnt sé að samþykkja skjótt ráðstafanir til að hefta útbreiðslu og sóttvarnarráðstafanir og hrinda þeim í framkvæmd,
- e) til að koma á beinum samskiptum við önnur ráðuneyti sem málið varðar,
- f) til að koma á, með skilvirkustu fjarskiptaaðferðum sem völ er á, tengingu við sjúkrahús, lækna stofur, flugvelli, hafnir, landamæra stöðvar fyrir umferð á landi, rannsóknarstofur og aðra meginaðgerðastaði fyrir dreifingu upplýsinga og tilmæla frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um atburði á yfirráðasvæði samningsríkisins sjálfs og á yfirráðasvæðum annarra samningsríkja,
- g) til að semja, reka og viðhalda landsviðbragðsáætlun við bráðri ógn við lýðheilsuna, þ.m.t. að koma á fót þverfaglegum teymum með fulltrúum mismunandi sviða samfélagsins til að bregðast við atburðum sem gætu reynst bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims og
- h) til að tryggja framkvæmd þessara ráðstafana allan sólarhringinn.

B. KRÖFUR UM GRUNNVIÐBÚNAÐ FYRIR TILGREINDA FLUGVELLI, HAFNIR OG LANDAMÆRASTÖÐVAR FYRIR UMFERÐ Á LANDI

1. Ávallt

Viðbúnaður:

- a) til að veita aðgang: i. að viðeigandi lækniþjónustu, þ.m.t. greiningaraðstaða sem er staðsett þannig að hægt sé að meta og annast veika ferðamenn og ii. að nægilegu starfsfólki, búnaði og húsnæði,
- b) til að veita aðgang að búnaði og starfsfólki til flutninga á veikum ferðamönnum til viðeigandi aðstöðu til lækni meðferðar.
- c) til að útvega þjálfað starfsfólk til að skoða farartæki,

d) til að tryggja öruggt umhverfi fyrir ferðamenn sem nota aðstöðu á landamærastöðvum, þ.m.t. birgðir af drykkjarhæfu vatni, matstofur, aðstaða fyrir flugvistir, almenningssalerni, viðeigandi förgun fasts og fljótandi úrgangs og aðrir hugsanlegir áhættuþættir, með því að halda úti eftirlitsáætlunum, eins og við á, og

e) til að sjá eftir föngum fyrir áætlun og þjálfuðu starfsfólki til að halda smitferjum og smitgeymum í skefjum á landamærastöðvum og í námunda við þær.

2. Til að bregðast við atburðum sem geta reynst bráð ógn við lýðheilsuna sem varðar þjóðir heims

Viðbúnaður:

a) til að bregðast með viðeigandi hætti við bráðri ógn við lýðheilsuna með því að semja og viðhalda viðbúnaðaráætlun fyrir bráða ógn við lýðheilsuna, þ.m.t. að tilnefna samræmingaraðila og tengiliði fyrir viðeigandi landamærastöðvar, lýðheilsustofnanir og aðrar stofnanir og þjónustu,

b) til að tryggja skoðun og umönnun ferðamanna eða dýra, sem hafa orðið fyrir áhrifum, með því að semja við sjúkra- og dýraheilbrigðisstofnanir á staðnum um að þær sjái um að einangra ferðamennina og dýrin og meðhöndla og veiti aðra stoðþjónustu sem þörf kann að vera á,

c) til að sjá fyrir viðeigandi rými, sem er aðskilið frá öðrum ferðamönnum, fyrir viðtöl við einstaklinga sem eru grunsamlegir eða hafa orðið fyrir áhrifum,

d) til að sjá um að meta og, ef þörf krefur, afkvía grunsamlega ferðamenn, helst í aðstöðu fjarri landamærastöð,


e) til að beita þeim ráðstöfunum sem mælt er með til skordýraeyðingar, rottueyðingar, sóttþreinsunar og afmengunar eða meðhöndlunar farangurs, farms, gáma, farartækja, vara eða póstbögglar, þ.m.t., eftir því sem við á, á stöðum sem eru sérstaklega tilnefndir og útbúnir til þessa verks,

f) til komu- og brottfarareftirlits með ferðamönnum sem eru að koma eða fara brott og

g) til að veita aðgang að sérhæfðum búnaði og að þjálfuðu starfsfólki, sem er með viðeigandi hlífðarbúnað, til að flytja ferðamenn sem gætu borið með sér smit eða mengun.

2. VIÐAUKI

ÁKVÖRÐUNARFERLI VIÐ MAT Á OG TILKYNNINGU UM ATBURÐI SEM GÆTU SKAPað BRÁÐA ÓGN VIÐ LÝÐHEILSUNA SEM VARÐAR ÞJÓÐIR HEIMS



^a Samkvæmt sjúkdómsskilgreiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

^b Sjúkdómaskrána skal aðeins nota að því er varðar þessa reglugerð.

DÆMI UM BEITINGU ÁKVÖRÐUNARFERLISINS VIÐ MAT OG TILKYNNINGU UM
ATBURÐI SEM KUNNA AÐ VERA BRÁÐ ÓGN VIÐ LÝÐHEILSUNA SEM VARÐAR
ÞJÓÐIR HEIMS

*Dæmin, sem eru gefin í þessum viðauka, eru ekki bindandi og eru ætluð til leiðbeiningar til
að aðstoða við túlkun á viðmiðunum ákvörðunarferlisins*

UPPFYLLIR ATBURÐURINN A.M.K. TVÆR EFTIRFARANDI VIÐMIÐANA?

Hefur atburðurinn alvarleg lýðheilsuáhrif?	I. Hefur atburðurinn alvarleg lýðheilsuáhrif?
	1. <i>Eru tilvikin og/eða dauðsföllin mjög mörg miðað við atburð af þessu tagi og miðað við staðinn, tímann eða íbúana sem um er að ræða?</i>
	2. <i>Getur atburðurinn haft mjög mikil lýðheilsuáhrif?</i> DÆMI UM AÐSTÆÐUR SEM STUÐLA AÐ MIKLUM LÝÐHEILSUÁHRIFUM ✓ Atburður af völdum sýkils sem hefur mikla getu til að valda faraldri (smithæfni sýkilsins, hátt dánarhlutfall, margar smitleiðir eða einkennalaus smitberi). ✓ Vísbending um að meðferð gagnist ekki (nýtt eða uppkomandi ónæmi gegn sýklalyfjum, bóluefni gagnast ekki, ónæmi gegn mótefni eða mótefni gagnast ekki). ✓ Atburðurinn skapar verulega hættu fyrir lýðheilsuna jafnvel þó að enn hafi engin eða mjög fá tilvik greinst hjá mönnum. ✓ Tilkynningar um tilvik hjá heilbrigðisstarfsfólki. ✓ Áhættuhópurinn er sérstaklega berskjaldaður (flóttamenn, lítið um bólusetningu, börn, gamalt fólk, ónæmi lítið, vannæring o.s.frv.). ✓ Samverkandi þættir sem geta hindrað eða tafið viðbrögð á sviði lýðheilsu (náttúruhamfarir, vopnuð átök, óhagstætt veður og margir sýkingarstaðir í samningsríkinu). ✓ Atburðurinn á sér stað á mjög þéttbýlu svæði. ✓ Útbreiðsla eiturefna, smitefna eða annarra hættulegra efna, hvort sem orsakirnar eru náttúrulegar eða ekki, sem hefur mengað eða gæti mengað íbúana og/eða stórt landsvæði.
	3. <i>Er þörf á utanaðkomandi aðstoð til að greina, rannsaka, bregðast við og hafa stjórn á viðkomandi atburði eða koma í veg fyrir ný tilvik?</i> DÆMI UM ÞÖRF Á AÐSTOÐ: ✓ Skortur á mannafla, fjármagni, efnunum eða tæknilegum tilföngum, einkum: – Ónógur viðbúnaður rannsóknarstofa eða ónógur faraldsfræðilegur viðbúnaður til að rannsaka atburðinn (ónógur búnaður, starfsfólk, fjármagn) – Skortur á móteitri, lyfjum og/eða bóluefni og/eða hlífðarbúnaði, afmengunarbúnaði eða stoðbúnaði til að mæta áætluðum þörfum – Núverandi vöktunarkerfi nægir ekki til greina ný tilvik tímanlega.
HEFUR ATBURÐURINN ALVARLEG LÝÐHEILSUÁHRIF? Svarið játandi ef þið hafið áður svarað 1., 2. eða 3. spurningu hér að framan játandi.	

Er atburðurinn óvenjulegur eða óvæntur?	II. Er atburðurinn óvenjulegur eða óvæntur?
	<p>4. <i>Er atburðurinn óvenjulegur?</i></p> <p>DÆMI UM AÐSTÆÐUR SEM STUÐLA AÐ MIKLUM LÝÐHEILSUÁHRIFUM</p> <p>√ Atburðarvaldurinn er óþekktur eða uppsprettan, smitferjan eða smitleiðin er óvenjuleg eða óþekkt.</p> <p>√ Þróun sjúkdóms er alvarlegri en vænst var (þ.m.t. hlutfall sjúkra eða látinna) eða einkennin eru óvenjuleg.</p> <p>√ Atburðurinn er í sjálfu sér óvenjulegur fyrir viðkomandi svæði, árstíð eða íbúa.</p>
	<p>5. <i>Er atburðurinn óvæntur með tilliti til lýðheilsu?</i></p> <p>DÆMI UM ÓVÆNTA ATBURÐI:</p> <p>√ Atburðinum veldur sjúkdómur eða sjúkdómsvaldur sem hafði þegar verið upprættur eða útrýmt í samningsríkinu eða ekki verið tilkynntur áður.</p>
<p>ER ATBURÐURINN ÓVENJULEGUR EÐA ÓVÆNTUR?</p> <p>Svarið játandi ef þið hafið áður svarað 1., 2. eða 3. spurningu hér að framan játandi.</p>	

Er atburðurinn óvenjulegur eða óvæntur?	III. Er veruleg hættu á útbreiðslu milli landa?
	<p>6. <i>Eru vísbendingar um faraldsfræðileg tengsl við svipaða atburði í öðrum ríkjum?</i></p> <p>7. <i>Eru einhverjir þættir sem ættu að gera okkur viðvart um að smitefnið, smitferjan eða smitgeymirinn gæti farið yfir landamæri?</i></p> <p>DÆMI UM AÐSTÆÐUR SEM GETA STUÐLAÐ AÐ ÚTBREIÐSLU MILLI LANDA:</p> <p>√ Ef vísbendingar eru um útbreiðslu á staðnum: upprunatilfelli (eða önnur tengd tilfelli) með forsögu úr mánuðinum á undan um:</p> <ul style="list-style-type: none"> – millilandaferðir (eða jafnlangan tíma og meðgöngutíma sýkilsins ef hann er þekktur) – þátttöku í alþjóðlegri samkomu (pílgrímsferð, íþróttaviðburði, ráðstefnu o.s.frv.) – nán samskipti við ferðamann í millilandaferðum eða hóp fólks sem er mikið á ferðinni. <p>√ Atburður sem stafar af umhverfismengun sem getur breiðst út yfir landamæri.</p> <p>√ Atburður á svæði þar sem er mjög mikil umferð milli landa en takmarkaður viðbúnaður til heilbrigðiseftirlits eða til að framkvæma greiningar í umhverfinu eða afmenga það.</p>
	<p>ER VERULEG HÆTTA Á ÚTBREIÐSLU MILLI LANDA?</p> <p>Svarið játandi ef þið hafið áður svarað 6. eða 7. spurningu hér að framan játandi.</p>

Er hætta á alþjóðlegum takmörkunum?	IV. Er veruleg hætta á takmörkunum á ferðum og viðskiptum milli landa?
	8. <i>Hafa svipaðir atburðir áður leitt til alþjóðlegra takmarkana á viðskiptum og/eða ferðalögum?</i>
	9. <i>Leikur grunur á um eða er vitað til þess að uppruninn tengist matvælum, vatni eða öðrum vörum sem gætu verið mengaðar og hafa verið fluttar út eða inn til annarra ríkja?</i>
	10. <i>Átti atburðurinn sér stað í tengslum við alþjóðlega samkomu eða á svæði þar sem er mjög mikið af ferðamönnum víða að úr heiminum?</i>
	11. <i>Hefur atburðurinn orðið til þess að erlendir embættismenn eða alþjóðlegir fjölmiðlar hafa óskað eftir frekari upplýsingum?</i>
	ER VERULEG HÆTTA Á TAKMÖRKUNUM Á FERÐUM OG VIÐSKIPTUM MILLI LANDA? Svarið játandi ef þið hafið áður svarað 8., 9., 10. eða 11. spurningu hér að framan játandi.

Samningsríki, sem hafa svarað játandi spurningunni um hvort atburðurinn uppfyllir tvö af fjórum viðmiðunum (I-IV) hér að framan, skulu tilkynna það til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar með skírskotun til 6. gr. alþjóðaheilbrigðis-reglugerðarinnar.

3. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ VOTTORÐI UM SÓTTVARNARUNDANÞÁGU FYRIR SKIP/SÓTTVARNARVOTTORÐI FYRIR SKIP

Höfn: Dagsetning:

Vottorðið greinir frá skoðun og 1) undanþágu frá sóttvörn eða 2) sóttvarnarráðstöfunum sem gerðar hafa verið

Heiti hafskips eða skips á skipgengum vatnaleiðum Fáni Skráningarnúmer/IMO-númer

Við skoðun voru lestar óhlaðnar/hlaðnar með tonnum af farni

Nafn og heimilisfang skoðunarmanns

Vottorð um sóttvarnarundanþágu fyrir skip

Skoðuð svæði [kerfi og þjónusta]	Vísbendingar sem fundust ¹	Niðurstöður sýna ²	Yfirfarin skjöl
Eldhús			Sjúkradagbók
Býtibúr			Skipsdagbók
Geymslur			Annað
Lestar/farmur			
Vistarverur:			
- áhafnar			
- yfirmanna			
- farþega			
- þilfarsfarþega			
Drykkjarhæft vatn			
Skólp			
Kjölfestutankar			
Fastur og sóttæmur úrgangur			
Staðið vatn			
Vélarúm			
Læknisaðstaða			
Önnur tilgreind svæði – sjá viðhengi			
Merkið við svæði sem ekki eiga við með „N/A“			

Engar vísbendingar fundust. Skip/bátur er undanþegið frá sóttvarnarráðstöfunum.

Nafn og titill heilbrigðisfulltrúa sem gefur út þetta vottorð Undirskrift og stimpill Dagsetning

¹ a) Vísbendingar um sýkingu eða mengun, þ.m.t.: smitferjur á öllum þroskastigum; dýr sem eru smitgeymar fyrir smitferjur; nagdýr eða aðrar dýrategundir sem geta borið með sér sjúkdóma sem leggjast á menn eða örverufræðilega eða eiturefnafræðilega áhættuþætti eða aðra áhættuþætti fyrir heilsu manna; merki um ófullnægjandi heilbrigðisráðstafanir. b) Upplýsingar varðandi sjúkdómstílfelli (yfirlýsing um heilbrigði sáfarenda).

² Niðurstöður úr sýnum sem voru tekin um borð. Greiningu skal skilað til skipstjóra eins fljótt og auðið er og, ef endurtekin skoðun reynist nauðsynleg, til næstu viðeigandi hafnar sem kemur heim og saman við dagsetningu endurtekinnar skoðunar samkvæmt þessu vottorði.

Vottorð um sóttvarnarundanþágu fyrir skip og sóttvarnarvottorð fyrir skip gilda að hámarki í sex mánuði en framlengja má gildistímann í mánuð ef ekki er unnt að framkvæma skoðun í höfninni og engar vísbendingar eru um sýkingu eða mengun.

Sóttvarnarvottorð fyrir skip

Sóttvarnarráðstafanir sem gripið hefur verið til	Dagsetning endurtekinnar skoðunar	Athugasemdir við aðstæður um borð

Gripið var til nauðsynlegra sóttvarnarráðstafana neðangreindan dag.

VIÐHENGI VIÐ FYRIRMYND AÐ VOTTORÐI UM SÓTTVARNDARUNDANÞÁGU FYRIR SKIP/SÓTTVARNARVOTTORÐI FYRIR SKIP

Skoðuð svæði/aðstaða/kerfi	Vísbendingar sem fundust	Niðurstöður sýna	Yfirfarin skjöl	Sóttvarnarráðstafanir sem gripið hefur verið til	Dagsetning endurtekinnar skoðunar	Athugasemdir við aðstæður um borð
Matur						
Uppruni						
Geymsla						
Matargerð						
Þjónusta						
Vatn						
Uppruni						
Geymsla						
Dreifing						
Sorp						
Gámar						
Meðferð						
Förgun						
Sundlaugar/heilsulindir						
Tæki						
Rekstur						
Læknisaðstaða						
Tæki og lækningatæki						
Rekstur						
Lyf						
Önnur skoðuð svæði						

Merkið „N/A“ við svæði sem ekki eiga við.

4. VIÐAUKI

TÆKNIKRÖFUR SEM VARÐA FARARTÆKI OG REKSTRARAÐILA FARARTÆKJA

A-hluti Rekstraraðilar farartækja

1. Rekstraraðilar farartækja skulu auðvelda:

- a) skoðun á farmi, gámum og farartæki,
- b) læknisskoðun einstaklinga um borð,
- c) beitingu annarra heilbrigðisráðstafana samkvæmt þessari reglugerð og
- d) miðlun viðeigandi heilbrigðisupplýsinga sem samningsríkið krefst.

2. Rekstraraðilar farartækja skulu láta lögbæru yfirvaldi í té gilt vottorð um sóttvarnarundanþágu fyrir skip eða sóttvarnavottorð fyrir skip eða yfirlýsingu um heilbrigði sæfarenda eða heilbrigðiskaflann í komuskýrslu/brottfararskýrslu loftfars eins og krafist er samkvæmt þessari reglugerð.

B-hluti Farartæki

1. Sóttvarnarráðstafanir, sem beitt er á farangur, farm, gáma, farartæki og vörur samkvæmt þessari reglugerð, skulu fara fram með þeim hætti að komist verði hjá því, eftir því sem unnt er, að fólk meiðist eða verði fyrir óþægindum eða valda tjóni á farangri, farmi, gámum, farartækjum og vörum. Ávallt þegar unnt er og við á skulu sóttvarnarráðstafanir gerðar þegar farartæki og farmrými eru tóm.

2. Samningsríkin skulu tilgreina skriflega hvaða ráðstöfunum þau beita gagnvart farmi, gámum eða farartækjum, hvaða hlutar þeirra eru meðhöndlaðir, hvaða aðferðir eru notaðar og hvers vegna þessum ráðstöfunum er beitt. Þessar upplýsingar skulu afhentar skriflega þeim sem fer með stjórn loftfars en þegar um skip er að ræða skulu þær færðar á sóttvarnavottorð skipsins. Þegar um annan farm, gáma eða farartæki er að ræða skulu samningsríkin láta sendendur, viðtakendur, flutningafyrirtæki, þann sem fer með stjórn farartækisins eða fulltrúa þessara aðila fá þessar upplýsingar skriflega.

5. VIÐAUKI

SÉRTÆKAR RÁÐSTAFANIR VEGNA SJÚKDÓMA SEM BERAST MEÐ SMITFERJUM

1. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin skal birta reglulega skrá yfir svæði þar sem mælt er með því að skordýrum sé eytt í farartækjum sem koma frá þessum svæðum eða að gerðar séu aðrar sóttvarnarráðstafanir gegn smitferjum í þeim. Þessi svæði skulu ákvörðuð samkvæmt málsmeðferðarreglum um tímabundin eða föst tilmæli, eftir því sem við á.
2. Skordýrum skal eytt í öllum farartækjum, sem fara frá landamærastöð á svæði þar sem mælt er með sóttvörnum gegn smitferjum, og skal farartækjunum haldið smitferjulausum. Ef Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur mælt með tilteknum aðferðum og eignum til þessara aðgerða skulu þau notuð. Tilvist smitferja um borð í farartækjum og sóttvarnarráðstafanir, sem gerðar eru til að eyða þeim, skulu tilgreindar:
 - a) þegar um loftför er að ræða, í heilbrigðiskafla komuskýrslu/brottfararskýrslu loftfars nema lögbæra yfirvaldið á komuflugvelli veiti undanþágu frá því að fylla út þann hluta skýrslunnar,
 - b) þegar um skip er að ræða, á sóttvarnavottorði skipsins og
 - c) þegar um önnur farartæki er að ræða, í skriflegri staðfestingu um meðhöndlun sem gefin er út til handa sendanda, viðtakanda, flutningsfyrirtæki, þeim sem fer með stjórn farartækisins eða fulltrúa þeirra, eftir því sem við á.
3. Samningsríkin skulu samþykkja skordýraeyðingu, rottueyðingu og aðrar sóttvarnarráðstafanir fyrir farartæki sem önnur samningsríki beita ef notaðar hafa verið aðferðir og efni sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ráðleggur.
4. Samningsríkin skulu gera sóttvarnaráætlanir gegn smitferjum sem geta borið með sér sýkil, sem skapar hættu fyrir lýðheilsuna, að lágmarki 400 metra leið frá þeirri aðstöðu á landamærastöðvum sem er notuð fyrir aðgerðir sem taka til ferðamanna, farartækja, gáma, farms og pósthöggla en ef um er að ræða smitferjur með lengra drægi skal þessi lágmarksfjarlægð vera lengri.
5. Ef krafist er eftirskoðunar til að kanna árangur smitferjuvarna skal lögbæra yfirvaldið, sem ráðleggur slíka eftirfylgni, tilkynna um þessa kröfu til lögbærra yfirvalda næstu þekktu viðkomuhafnar eða viðkomuflugvallar sem hefur viðbúnað til að framkvæma slíka skoðun. Þegar um skip er að ræða skal skrá þetta á sóttvarnavottorð skipsins.
6. Litið skal á farartæki sem grunsamlegt og það skoðað með tilliti til smitferja og smitgeyma ef:
 - a) einhver um borð er hugsanlega með sjúkdóm sem berst með smitferjum,
 - b) komið hefur upp hugsanlegt tilfelli sjúkdóms, sem berst með smitferjum, um borð í skipinu í millilandaferð eða
 - c) tíminn frá því að skipið fór frá smitsvæði er það stuttur að smitferjur um borð gætu enn borið með sér sjúkdóm.

7. Samningsríki skal hvorki banna landingu loftfars né að skip leggist að bryggju á yfirráðasvæði þess ef beitt er sóttvarnarráðstöfunum, sem kveðið er á um í 3. mgr. þessa viðauka, eða ráðstöfunum sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur mælt með að verði gerðar. Þó má krefjast þess að loftför eða skip, sem koma frá smitsvæði, lendi á flugvöllum eða sigli til hafna sem voru ekki á áætlun en sem samningsríkið tiltekur í þessu skyni.

8. Samningsríki getur beitt sóttvarnarráðstöfunum gegn smitferjum í farartæki sem kemur frá smitsvæði tiltekins sjúkdóms sem berst með smitferjum ef smitferjurnar fyrir þennan sjúkdóm finnast á yfirráðasvæði samningsríkisins.

6. VIÐAUKI

BÓLUSETNING, FYRIRBYGGJANDI MEÐFERÐ OG TILHEYRANDI VOTTORÐ

1. Bóluefni eða önnur fyrirbyggjandi meðferð, sem tilgreind eru í 7. viðauka eða sem mælt er með að verði notuð samkvæmt þessari reglugerð, skulu vera af fullnægjandi gæðum og skulu bóluefni og fyrirbyggjandi meðferð, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin tilgreinir, háð samþykki hennar. Samningsríkin skulu, að fenginni beiðni þar að lútandi, láta Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni í té viðeigandi sönnunargögn fyrir því að bóluefni og fyrirbyggjandi meðferð, sem notuð eru á yfirráðasvæði þess samkvæmt þessari reglugerð, séu fullnægjandi.
2. Afhenda skal fólki, sem er bólusettt eða fær aðra fyrirbyggjandi meðferð samkvæmt þessari reglugerð, alþjóðlegt vottorð um bólusetningu eða fyrirbyggjandi meðferð (hér á eftir nefnd „vottorðið“) á eyðublaði eins og sýnt er í þessum viðauka. Ekki má á neinn hátt víkja frá fyrirmyndinni að vottorðinu sem gefin er í þessum viðauka.
3. Vottorð samkvæmt þessum viðauka eru því aðeins gild að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hafi samþykkt bóluefnið eða þá fyrirbyggjandi meðferð sem er beitt.
4. Vottorðin skulu undirskrifuð með eiginhandaráritun læknisins sem hefur umsjón með gjöf bóluefnisins eða hinni fyrirbyggjandi meðferð en hann skal vera starfandi læknir eða annar löggiltur heilbrigðisstarfsmaður. Vottorðið skal einnig stimplað með opinberum stimpli viðkomandi stofnunar en þessi opinberi stimpill getur þó ekki komið í staðinn fyrir undirskriftina.
5. Vottorð skulu fyllt út til fulls á ensku eða á frönsku. Einnig er heimilt að fylla þau út á öðru tungumáli til viðbótar við enskuna eða frönskuna.
6. Sé þessu vottorði breytt að einhverju leyti eða eitthvað þurrkað út eða einhver hluti þess ekki fylltur út getur það orðið til þess að ógilda vottorðið.
7. Vottorð er einstaklingsbundið skjal og skal aldrei notað fyrir marga í einu. Sérstök vottorð skulu gefin út til handa börnum.
8. Foreldri eða forráðamaður skal skrifa undir vottorðið ef barnið er ófært um það. Í stað undirskriftar setja þeir sem ekki kunna að skrifa tákn sitt á vottorðið eins og venjan er í slíkum tilvikum og annar aðili vottar að viðkomandi einstaklingur hafi sett þetta tákn.
9. Ef læknirinn, sem hefur yfirumsjón, er þeirrar skoðunar að fyrir hendi sé frábending, af læknisfræðilegum ástæðum, gegn bólusetningunni eða annarri fyrirbyggjandi meðferð skal hann láta viðkomandi einstaklingi í té skriflega yfirlýsingu, á ensku eða frönsku og, eftir því sem við á, á öðru tungumáli til viðbótar við ensku eða frönsku, þar sem fram koma röksemdirnar sem liggja til grundvallar þessari skoðun hans og skulu lögbær yfirvöld á komustað taka tillit til þessarar yfirlýsingar. Læknirinn, sem hefur yfirumsjón, og lögbær yfirvöld skulu upplýsa slíka einstaklinga um allar hættur sem fylgja því að fá ekki bólusetningu eða fyrirbyggjandi meðferð í samræmi við 4. mgr. 23. gr.
10. Jafngilt skjal, sem hernaðaryfirvöld gefa út til handa starfandi einstaklingi í viðkomandi her, skal tekið gilt í stað alþjóðlegs vottorðs samkvæmt fyrirmyndinni sem sýnd er í þessum viðauka ef:
 - a) í því eru læknisfræðilegar upplýsingar, sem eru efnislega þær sömu og krafist er í þessari fyrirmynd, og
 - b) í því er yfirlýsing á ensku eða frönsku og, eftir því sem við á, á öðru tungumáli til viðbótar við ensku eða frönsku þar sem skráð er tegund og dagsetning bólusetningar eða fyrirbyggjandi meðferðar og að hún sé gefin út í samræmi við þessa málsgrein.

**FYRIRMYND AÐ ALÞJÓÐLEGU VOTTORÐI UM BÓLUSETNINGU EÐA
FYRIRBYGGJANDI MEÐFERÐ**

Það vottast hér með að [nafn], fæðingardagur og -ár, kyn,
ríkisfang, landsbundið auðkennisskírteini, ef við á,
sem hér ritar nafn sitt
hefur á tilgreindum degi verið bólusettur eða fengið fyrirbyggjandi meðferð gegn:
(heiti sjúkdóms eða sjúkleika)
í samræmi við alþjóðaheilbrigðisreglugerðina.

Bóluefni eða fyrirbyggjandi meðferð	Dag- setning	Undirskrift og titill heilbrigðisstarfs- mannsins sem hefur yfirumsjón	Framleiðandi og lotunúmer bóluefnis eða lyfs til fyrirbyggjandi meðferðar	Vottorðið gildir frá til	Opinber stimpill viðkomandi stofnunar
1.					
2.					

Þetta vottorð er því aðeins gilt að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hafi samþykkt bóluefnið eða lyfið til fyrirbyggjandi meðferðar.

Þetta vottorð skal undirskrifað af heilbrigðisstarfsmanninum sem hefur umsjón með gjöf bóluefnis eða lyfs til fyrirbyggjandi meðferðar en hann skal vera starfandi læknir eða annar löggiltur heilbrigðisstarfsmaður. Vottorðið skal einnig stimplað með opinberum stimpli viðkomandi stofnunar en þessi opinberi stimpill getur þó ekki komið í staðinn fyrir undirskriftina.

Sé þessu vottorði breytt að einhverju leyti eða eitthvað þurrkað út eða einhver hluti þess ekki fylltur út getur það orðið til þess að vottorðið verður ógilt.

Vottorð þetta gildir fram að þeim degi sem er tilgreindur fyrir viðkomandi bólusetningu eða forvörn. Vottorðið skal fyllt út til fulls á ensku eða á frönsku. Einnig er heimilt að fylla vottorðið út á öðru tungumáli á sama skjali til viðbótar við enskuna eða frönskuna.

7. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI BÓLUSETNINGU EÐA FYRIRBYGGJANDI MEÐFERÐ GEGN TILTEKNUM SJÚKDÓMUM

1. Til viðbótar við hugsanleg tilmæli, sem varða bólusetningu eða fyrirbyggjandi meðferð, er hægt að setja það sem skilyrði fyrir komu ferðamanna inn í samningsríki að þeir framvísi sönnun um bólusetningu eða forvörn gegn eftirfarandi sjúkdómum sem eru tilgreindir sérstaklega í þessari reglugerð:

Bólusetning gegn gulusótt.

2. Tilmæli og kröfur varðandi bólusetningu gegn gulusótt:

a) Að því er viðauka þennan varðar:

i. er meðgöngutími gulusóttar sex dagar,

ii. veitir bóluefni gegn gulusótt, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur samþykkt, vernd gegn sýkingu sem hefst 10 dögum eftir bólusetningu með bóluefninu,

iii. varir þessi vernd í 10 ár og

iv. gildistími vottorðs um bólusetningu við gulusótt skal vera 10 ára tímabil sem hefst 10 dögum eftir bólusetningardaginn en á endurbólusetningardegi ef um er að ræða endurbólusetningu innan þessa 10 ára tímabils.

b) Unnt er að krefjast þess af öllum ferðamönnum, sem fara brott af svæði þar sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur ákvarðað að hætta sé á gulusóttarsmiti, að þeir láti bólusetja sig gegn gulusótt.

c) Ef ferðamaður hefur vottorð um bólusetningu gegn gulusótt, sem er ekki enn orðið gilt, má leyfa honum að fara brott en heimilt er að beita h-lið 2. mgr. þessa viðauka á komustað hans.

d) Ekki skal litið svo á að ferðamaður, sem hefur gilt vottorð um bólusetningu gegn gulusótt, sé hugsanlega sýktur jafnvel þó að hann komi frá svæði þar sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur ákvarðað að hætta sé á gulusóttarsmiti.

e) Í samræmi við 1. mgr. 6. viðauka skal bóluefnið, sem notað er gegn gulusóttinni, hafa hlotið samþykki Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

f) Samningsríki skulu tilnefna sérstakar stöðvar á yfirráðasvæðum sínum fyrir bólusetningu gegn gulusótt til að tryggja gæði og öryggi aðferðanna og efnanna sem eru notuð.

g) Hver og einn, sem er ráðinn til starfa á landamærastöð á svæði þar sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur ákvarðað að hætta sé á gulusóttarsmiti, og hver áhafnar meðlimur farartækis, sem fer um slíka landamærastöð, skal hafa gilt vottorð um bólusetningu gegn gulusótt.

h) Ef smitferjur gulusóttar fyrirfinnast í samningsríki getur það ríki krafist þess að ferðamaður, sem kemur frá svæði, þar sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur ákvarðað að

hætta sé á gulusóttarsmiti, og getur ekki lagt fram gilt vottorð um bólusetningu gegn gulusótt, verði afkvíaður þar til vottorðið tekur gildi eða þar til liðnir eru í mesta lagi sex dagar frá þeim degi þar sem hann gat síðast hafa orðið fyrir sýkingu, hvort sem verður fyrir.

i) Ferðamenn, sem hafa vottorð um undanþágu frá gulusóttarbólusetningu, sem löggiltur læknir eða löggiltur heilbrigðisstarfsmaður hefur undirskrifað, geta samt sem áður fengið leyfi til að koma inn í ríkið með fyrirvara um ákvæði undanfarandi liðar þessa viðauka og að því tilskildu að þeir hafi fengið upplýsingar varðandi vernd gegn gulusóttarsmitferjum. Ef ferðamennirnir eru ekki afkvíaðir má krefjast þess að þeir tilkynni lögbæru yfirvaldi um öll einkenni sóttthita eða önnur sjúkdómseinkenni og verði hafðir undir vöktun.

8. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ YFIRLÝSINGU UM HEILBRIGÐI SÆFARENDA

Skipstjórar, sem koma frá erlendum höfnum, skulu fylla eyðublaðið út og afhenda það lögbærum yfirvöldum.

Afhent í höfninni í..... Dagsetning

Nafn hafskips eða skips á skipgengum vatnaleiðum..... Skráningarnúmer/IMO-númer..... kemur frá..... siglir til

(Ríkisfang) (Fáni skipsins)..... Nafn skipstjórans

Brúttótonnata (skips).....

Tonnata (skips á skipgengum vatnaleiðum).....

Er gilt undanþáguvottorð frá sóttvarnarráðstöfun/heilbrigðisvottorð um borð? já..... nei..... Gefið út í..... dagsetning.....

Þarf að endurtaka skoðunina? já..... nei.....

Hefur skipið komið til svæðis sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur tilgreint sem sýkt? já..... nei.....

Viðkomuhöfn og -dagur

Skrá yfir viðkomuhafnir frá byrjun ferðar ásamt brottfarardögum, eða síðustu þrjátíu daga, eftir því hvort er skemmda:

Fari lögbært yfirvald í komuhöfn þess á leit skal afhenda skrá yfir áhafnar meðlimi, farþega eða aðra einstaklinga sem hafa komið um borð í skipið frá því að millilandaferðin hófst eða á næstliðnum þrjátíu dögum, eftir því hvort tímabilið er skemmda, þ.m.t. allar hafnir/lönd þar sem komið var við á þessu tímabili (ef nöfnin eru fleiri skal bæta þeim í töfluna hér á eftir):

1)	Nafn:	kom	um	borð	í:
(1).....	(2).....	(3).....			
2)	Nafn:	kom	um	borð	í:
(1).....	(2).....	(3).....			
3)	Nafn:	kom	um	borð	í:
(1).....	(2).....	(3).....			

Fjöldi áhafnar meðlima um borð.....

Fjöldi farþega um borð.....

Spurningar um heilsufar

- 1) Hefur orðið dauðsfall um borð þar sem orsökina var ekki slys? já..... nei.....
Ef svarið er játandi skal tilgreina það nánar í töflunni hér á eftir. Heildarfjöldi dauðsfalla
- 2) Eru núna um borð eða hafa komið upp um borð í ferðinni milli landa einhver tilvik sjúkdóma sem grunur leikur á um að séu smitandi? já..... nei.....
Ef svarið er játandi skal tilgreina það nánar í töflunni hér á eftir.
- 3) Hefur heildarfjöldi veikra farþega í ferðinni verið meiri en venjulega eða meiri en búast mátti við? já..... nei.....
Hve margir urðu veikir?
- 4) Er einhver veikur um borð núna? já..... nei.....
Ef svarið er játandi skal tilgreina það nánar í töflunni hér á eftir.
- 5) Var haft samband við lækni? já..... nei.....
Ef svarið er játandi skal í töflunni hér á eftir greint nánar frá þeirri lækni meðferð eða ráðgjöf sem veitt var.
- 6) Veistu um heilsufarsástand um borð sem gæti leitt til sýkingar eða útbreiðslu sjúkdóms? já..... nei.....
Ef svarið er játandi skal tilgreina það nánar í töflunni hér á eftir.
- 7) Hefur verið gripið til heilbrigðisráðstafana um borð (t.d. afkvíunar, einangrunar, sóttþreinsunar eða afmengunar)? já..... nei.....
Ef svarið er játandi skal tilgreina tegund, stað og dagsetningu
- 8) Hafa fundist laumufarþegar um borð? já..... nei.....
Ef svarið er játandi, hvar komu þeir um borð (ef það er vitað)?
- 9) Er veikt dýr eða gæludýr um borð? já..... nei.....

Ath.: Ef enginn skipslæknir er um borð skal skipstjóri líta svo á að eftirfarandi einkenni gefi ástæðu til að ætla að um sé að ræða smitandi sjúkdóm:

- a) sóttthiti, sem varir í nokkra daga, og einnig: i. örmögnun, ii. lækkað meðvitundarstig, iii. bólgnir eitlar, iv. gula, v. hósti eða mæði, vi. óeðlileg blæðing eða vii. lömun.
- b) með eða án sóttthita: i. skyndileg útbrot eða húðútsláttur, ii. svæsin uppköst (af öðrum völdum en sjóveiki), iii. svæsinn niðurgangur eða iv. endurteknir krampar.

Ég lýsi hér með yfir því að samkvæmt minni bestu vitund eru allar upplýsingar og svör við spurningum, sem ég hef gefið í þessari heilbrigðisyfirlýsingu (ásamt töflunni), sannar og réttar.

Undirskrift

.....

Skipstjóri

Meðáritun

Skiplæknir (ef hann er með í ferð)

Dagsetning

**FYLGISKJAL MEÐ FYRIRMYNDINNI AÐ HEILBRIGÐISYFIRLÝSINGU UM HEILBRIGÐI
SÆFARENDNA**

Nafn	Atvinnu- stétt eða staða um borð	Aldur	Kyn	Ríkis- fang	Höfn, dag- setning komu um borð	Eðli sjúkleika	Dag- setning fyrstu einkenna	Var tilkynnt til hafnar- læknis?	Lyktir málsins*	Lyf eða önnur meðferð sem sjúklingur fékk	Athuga- semdir

*Tilgreinið: 1) hvort sjúklingnum er batnað, hvort hann er enn veikur eða látinn og 2) hvort sjúklingurinn er enn um borð, var fluttur frá borði (þ.m.t. heiti hafnar eða flugvallar) eða hvort honum var sökkt í hafið.

9. VIÐAUKI

ÞETTA SKJAL ER HLUTI AF KOMUSKÝRSLU/BROTTFARARSKÝRSLU LOFTFARS SEM ALÞJÓÐAFLUGMÁLASTOFNUNIN HEFUR BIRT¹⁾

HEILBRIGÐISHLUTI KOMUSKÝRSLU/BROTTFARARSKÝRSLU LOFTFARS

Yfirlýsing um heilsufar

Fólk um borð haldið sjúkleika (þ.m.t. fólk með einkenni eða merki um sjúkdóm, s.s. útbrot, sóthhita, kuldaþroll eða niðurgang), nema af völdum flugveiki eða slyss, og einnig fólk haldið sjúkleika sem fór frá borði í ferðinni

.....
.....
.....

Annað heilsufarsástand um borð sem gæti leitt til útbreiðslu sjúkdóms

.....
.....

Nánari upplýsingar um allar aðgerðir til skordýraeyðingar eða hreinlætisaðgerðir (staður, dagsetning, tími eða aðferð) í fluginu. Hafi engin skordýraeyðing átt sér stað í fluginu skal greina frá síðustu skordýraeyðingu

.....
.....
.....

Undirskrift, ef hennar er krafist:

.....

Viðkomandi flugverji

(Áttundi allsherjarmundur, 23. maí 2005 –
nefnd A, þriðja skýrsla)

¹ Óformlegur vinnuhópur kom saman á öðrum fundi milliríkjavinnuhópsins og mæltist til þess að gerðar yrðu breytingar á þessu skjali sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mun senda Alþjóðaflugmálastofnuninni til viðeigandi umfjöllunar.